Nettó samlokubrauð 700 g	98	149	98	35
Uncle Bens örbylgjuhrísgrjón pk.	129	173	129	25
Holger bruður, finar pk.	118	136	118	15

Tilboðin gilda til 10. apríl

Þín verstan

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %
Búrfells nauta-lambahakk	686	858	686	20
Búrfells nautasnitset	1.358	1.698	1.358	20
Búrfells nautagúllas	1.358	1.698	1.358	20
Toro ítölsk grýta	179	207	179	15
Toro mexikönsk grýta 187 g	169	259	904	35
Dalhoff kökur 1 stk.	99	179	99	45
Goða dönsk lifrarkæfa 150 g	129	185	860	30
Goða sagaður frampartur í súpu 1 kg	449	599	449	25
Kelloggs special K bar 6 stk.	199	217	33	10
Mix 2 l	99	157	505	35

Tilboðin gilda til 13. apríl

KRÖNAN

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %
Bautabúrs grísabógur	395	564	395	30
FS ýsuflok fersk	499	769	499	35
Vínber græn	157	207	157	20
Toro mexikönsk grýta 187 g	169	259	904	35
Dalhoff kökur 1 stk.	99	179	99	45
Goða dönsk lifrarkæfa 150 g	129	185	860	30
Goða sagaður frampartur í súpu 1 kg	449	599	449	25
Kelloggs special K bar 6 stk.	199	217	33	10
Mix 2 l	99	157	505	35

Tilboðin gilda til 12. apríl

HAGKAUP

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %
Óðals svínarífasteik	399	698	399	45
Óðals grísakötiletur	799	1.337	799	40
Óðals grísahnakki úrb.	799	1.349	799	40
Kjötb. svínabógur	399	498	399	20
Holta ferskar kjúklingalundir	1.467	2.095	1.467	30
Chicago T. Wraps 300 g	299	399	996	25

Tilboðin gilda til 10. apríl

Vorum að fá magnaðar græjur frá Blitz Audio

Bíltæki, hátalarar með LED Bassabox með Neon LCD Skjári o.fl.

Kikið á heimasíðuna fyrir frekari upplýsingar eða komið í heimsókn



AG motorsport • Klettháls 9
110 Reykjavík • s. 587 5547
Verslun á netinu: www.ag-car.is/motorsport

29.995,-
1200W bassabox m/ Neon

Yfirhafnir á hálfvirði

Vattúlpur, dúnúlpur, ullarkápur, húfur og hattar

S: 588 5518 Opnunartími • Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18 • lau. 10 – 16




TOPPHÚSID

Bylgjan 98.9

Ívar Guðmunds
Alla virka daga kl. 9-12



Levante



SPRENGIDAGAR!!!
Allt á að seljast!

Thymematernity Rýmum fyrir nýjum vörum

Verslun fyrir barnshafandi konur
Hlíðasmára 17, s. 575-4500
Sendum í póstkófu um allt land.
Opnið mánudaga til föstudaga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-16

Upplýsingar um opnunartíma á www.thyme.is Velkominn!
www.thyme.is



Allt að 60% verðlækkun

Húsgögn og smávörur af ýmsu tagi eru á tilboðum í Húsgagnahöllinni.

Smávörur, málverk og ljós sem lifga upp á heimilið, ásamt sófum, borðum, örnum og stólum af ólíkum gerðum eru nú á vortilboði í Húsgagnahöllinni á Bíldshöfða. Afsláttur er verulegur og má nefna tilkomumikið sófaborð sem heitir Mirabella sem áður kostaði 49.900 kr. en selst nú á 19.980 kr. Einnig sófasett sem samanstendur af



tveggja sæta og þriggja sæta sófa og var á 119.980 kr. er nú á 79.980 kr. Hornsófi lækkar um 50.000 kr. og amerískar lúxusdýnur um 20.000 kr. Þá er 30% afsláttur á málverkum.

Þýsk gæðavara á tilboðsverði

VERULEGUR AFSLÁTTUR ER ÞESSA DAGANA AF MIELE ÞVOTTAVÉLUM OG ÞURRKURUM.

Tilboð er á Miele þvottavélum og þurrkurum í versluninni Eirvík á Suðurlandsbraut, Geisla í Vestmannaeyjum og Ljósgefjanum á Akureyri. Veittur er 30% afsláttur er af völdum véllum á meðan birgðir endast. Þvottavél sem áður kostaði 128.428 kr. kostar nú 89.900 kr. og þurrkari sem kostaði áður 115.400 kr. kostar nú 80.781 kr. Einnig er tilboð á Miele Tango 1600 W ryksugum og kosta þær 14.910 kr. Miele er þýsk hönnun sem getið hefur af sér gott orð fyrir gæði og endingu.



Kvenfatnaður í úrvali

VERÐLISTINN ER MEÐ ÚTSÖLUMARKAÐ Í FÁLKAHÚSINU Á LAUGAVEGI 8.

„Þetta er af öllu tagi, buxur, bolir, jakkar, kápur, kjólar, píls og toppar, að ógleymdum úlpunum,“ segir Erla Wígelund, verslunarstjóri Verðlistans, um vöruúrvalið á útsölumarkaðinum í Fálkahúsinu. Hún segir sumt vera tekið beint úr versluninni og það fari á 50% afslætti en annað sé af lager og þá sé afslátturinn enn meiri.

Nefnir til dæmis kjóla sem voru á 20.000 kr. en eru nú seldir á 4.900 kr. „Margt er hér á algerum spottprís og svo sannarlega hægt að gera góð kaup,“ segir Erla en viðurkennir samt að minna sé af fatnaði í millinúmerum en meira bæði í minni og stærri.



ICELANDAIR

Nýr Saga Boutique!

Náðu þér í eintak á söluskrifstofu Icelandair og á ferðaskrifstofum. Pantaðu á netinu og fáðu afhent í Saga Boutique versluninni í Leifstöð eða um borð í Icelandair vél.



SAGA BOUTIQUE

Tollfrjáls verslun skýjum ofar
www.sagaboutique.is
Sími 5050 305



Vordagskrá...

Leiðbeinandi er Guðni Gunnarsson

▼ ROPE YOGA - HELGARNÁMSKEIÐ

Frá blóti til blessunar.

Rope Yoga Helgarnámskeið verður haldið daganna **22-24 apríl 2005**.

Rope Yoga hug og heilsurækt er öflugt lífstílskerfi sem hefst með vitundarvakningu sem leiðir til þakkláts hugarástands og almennrar velmegunar. Á þessu námskeiði kennum við ítarlega líkams og heilsuræktar kerfi Rope Yoga ásamt 7 skrefa hugmyndafræði. Leiðbeinandi er Guðni Gunnarsson. Námskeiðið er öllum opið og kostar kr. 24.900-

▼ ROPE YOGA - FYRIRLESTUR

Frá Skort-dýri til Skapara.

Þann **26. apríl 2005** verður haldinn Rope Yoga fyrirlestur í Norræna Húsinu kl 19:30-21:30.

Fyrirlesturinn fjallar ítarlega um 7 skrefa hugmyndafræði Rope Yoga og hvernig við getum valið að vakna til ábyrgðar, valið ásetning og tilgang í lífi okkar, sýnt hollustu og trúfestu, síðan leyft okkur framgang vegna verðugleika, aukið innsæi okkar, kærleik og þakklæti. Fyrirlesari er Guðni Gunnarsson. Athugið að fyrirlesturinn er öllum opin og er aðgangseyrir kr. 2000. -

▼ ROPE YOGA - KENNARANÁMSKEIÐ

Rope Yoga Kennaranámskeið verður haldið daganna **28. apríl til 1. maí 2005**.

Síðari hluti námskeiðsins verður dagana 9-11 september 2005. Nánari upplýsingar á www.ropeyoga.is



Allar nánari upplýsingar fást í Hreysti, Skeifunni 19 í síma 568-1717

HREYSTI

www.ropeyoga.is

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGA-SÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8-19

AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9-17



Hyundai Santa Fe. Nýskr. 04/2001, 2700cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, brúnn / grár. Ekinn 66 þ. Verð 1.790.000. DN-512. B & L. S. 575 1230.



Toyota Corolla. Nýskr. 07/1998, 1600cc, 5 dyra, sjálfskiptur, rauður, ekinn 117 þ. Verð 630.000. SR-106. B & L. S. 575 1230.



M. Benz CL 500, árg. 2002, ek. 26 þús. km. Sjálfsk. 378 hð, lowprofile dekk, álfelgur, CD magasin og fl. Verð 9400 þús. Ath. skipti.

Höfðahöllin
 Vagnhöfða 9, 110 Rvk.
 Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is



Honda Crv 1998, ssk. blár, ek. 117 þ. km. Verð 1190 þús.



Suzuki Grand Vitara 2.0 6/2004, ssk, ek. 18 þ. km, grár, álfelgur, lán 1770. Verð 2490 þús.



M. Benz E-280 4matic stw 1997, ssk., ek. 94 þ. km, sólluga, álf, grár. Verð 2390 þús.

Litla bílasalan
 Funahöfða 1, 112 Rvk.
 Sími: 587 7777
www.litla.is



Dodge Durango LTD 5.7 HEMI. Nýr bíll, árgærd 2005, 7 manna, leðurinnrétting. Verð kr. 4.990.000. Master ehf. Glæsi- bær, Álfrheimur 74, 104 Reykjavík, sími 540 2200, www.masterbill.is

Master ehf
 Glæsi bær Álfrheimur 74, 104 Reykjavík
 Sími: 5402200
www.masterbill.is



Kawasaki 1000 Police árg. 1982, ekið 68 þús. Mikíð uppgerð, verð 590 þús.



Land Rover Freelander XE1 nýskr. 6/2001 km, 65 þ., 5 g., álf og fl. Verð 1.550 þús.



Nissan Murano SE árg. 2004 km. 10 þ. ssk., álf., leður, lúga og fl. Verð 4.390. Tilboð 3.790 þ.



Toyota Landcr 100 VX bensín árg. '99, ekinn 124 þ. 35" dekk, leður, r/ð og fl. Verð 3.400 þ. ath. skipti.



VW Polo 1400 I, nýskr. 11/'98, km, 41 þ., 5 d., 5 g., álf. Verð 590 þús. Topp bíll.



Nýja bílahöllin
 Funahöfða 1, 112 Rvk.
 Sími: 567 2277
www.notadirbilar.is



Nýr Renault Trafic 9 manna. 1.9 L Turbo dísel, ABS, Rafm. rúður, samlæsingar, CD, lítað gler, ofl. Listaverð: 3250 þús. Okkar verð: 2.743 þús. Þá sparar 500 þús.

Sparibíll ehf
 Skúlagötu 17, 101 Reykjavík
 Sími: 577 3344
www.sparibill.is



LMC Hjólhýsi. Mikíð úrval af LMC hjólhýsum frá Þýskalandi. Mjög vonduð hjólhýsi. Opíð laugardag 12-16 og sunnudag 13-17 Víkurverk Tangarhöfða 1 sími 557 7720 www.vikurverk.is

Víkurverk
 Tangarhöfði 1, 110 Reykjavík
 Sími: 567 2357
www.vikurverk.is



Ford Escape 11/01, ek 62 þús, 4x4, ssk, lítað gler, krókur. Verð 2.190þús. Uppl í s 896 9616.

12 Volt
 Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
 Sími: 565 2500



Ford Explorer Executive 4.0 AT, nýskr. 03/'00, ek. 79 þ. km, gullsans, álfelgur, filmur, dráttarbeisli, cruise control o.fl. Verð 1.980.000. Heimsbilar eru staddir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11.

Heimsbilar
 Klettháls 11a, 110 Reykjavík
 Sími: 567 4000
www.heimsbilar.is

Bílar til sölu



Toyota Corolla árg. '99, ek. 122 þús., cd, 15" álfelgur. Uppl. í s. 860 2075.



BMW 320i, bsk., árg. '99, 17" álfelg, topplúga ofl.! 770 þús. út + yfirtaka á láni. S. 691 0636.



Chevrolet P-20

árgærd 1987, nýsprautaður, innréttaður sem eldhúsbíll með gasofn, gaspönnu, gashellu, ísskáp sem er gas/12v/230v, pylsupott, skúffu og skápar (allt stainless steel að innan), vaskur (heitt og kalt vatn) og sóllúga. Einnig er auglýsingaskilti á annari hlið bílsins sem hægt er að leigja út (plötur sem skipt er um). Bíll í góðu standi og tilbúinn fyrir keyrslu. Bíllinn er til sýnis á bílasölu Planinu (beint á móti IKEA) Uppl. eru veittar í síma 699-6999.



Chevrolet P-20

Grand Cherokee Laredo. Árg. 1999, ek. 145 þús, breyttur fyrir 35", er á nýlegum dekkjum. 6cyl. 4.0l. Bensín Uppl. eru veittar í síma 847-5007



VW Polo 1400 árg. '97 til sölu. Ek. 142 þús. Vetrar og sumar dekk. Ný yfirfarið. Verð 300 þ. Uppl. í síma 694 6053.



Til sölu kastaragrindur á Ford F 250 - 350. árg. '99-'03, nýfhrýjar rafplöteraðar. Verð 65 þús. Uppl. í s. 694 7443.



Suzuki Jimny '99. Ekinn aðeins 75 þ. Álfelgur, CD, lítað gler, krókur, stígbretti, reyklus, nýskoðaður. Toppeintak 100% lán, léttar afborganir. Uppl. í síma 699 1105.



Toyota Carina 2GLI 16V. Hvítur dekurbíll Árg'93 ek. 170 þ. Tilboð 270 þús. Ingvi. 6922141



Landrover Discovery 2.5 TDI Series II dökkgrænn, ek. 65 þ. Sjálfsk., ABS, spólvörn, rafm. rúður, fjarst. samlæs, dr. krókur, geislaspilari, góð varadekkshlíf, þakbogur, reyklus, 2.450 þús. S. 822 5370

Pajero '87 dísel, upptekin vél, 32" dekk til niðurnífs eða aksturs. S. 895 6307.



Talstöðin
 FM 90,9

Renault Clio. Nýskr. 10/2000, 1100cc, 3ja dyra, 5 gíra, hvítur. Ekinn 50 þ. Verð 990.000. ZU-089. B & L. S. 575 1230.



Toyota Carina E. Nýskr. 12/1992, 2000cc, 4ra dyra, sjálfskiptur, dökkgrænn. Ekinn 251 þ. XH-437. B & L. S. 575 1230.



Sparisjóðirnir
Sambjöppun í sparisjóða-fjölskyldunni

10



Neanderdalsmaðurinn
Lélegur í bissness

14



Frumkvöðlar
Hugvit er hörkuvinna

8

Fjármálageirinn í stórsókn

Fjármálafyrirtæki leggja svipað til landsframleiðslu og sjávarútvegurinn.

Fjármálageirinn leggur álfika mikið til landsframleiðslu og sjávarútvegurinn. Þetta er meðal niðurstaðna skýrslu sem hagfræðisetur Háskólans í Reykjavík sem vann fyrir Samtök banka og verðbréfafyrirtækja.

Hreiðar Már Sigurðsson, formaður samtakanna og forstjóri KB banka, sagði í ræðu á aðalfundinum að fjármálafyrirtæki hefðu skipað sér í forystusveit í íslensku atvinnulífi. „Þau hafa í senn staðið fyrir umbreytingum heima fyrir og staðið við hlið framsæknu fyrirtækja landsins í útrás á alþjóðlega markaði.“ Hreiðar Már sagði greinina í dag framsækna þekkingargrein.

Fram kemur í skýrslunni að háskólamenntuðum hefur fjölgað verulega í greininni og meðallaun hækkað verulega umfram almenna launþróun.

Hreiðar Már ítrekaði mikilvægi samtaka á borð við SBV sérstaklega í ljósi aukinnar fyrirferðar fjármálafyrirtækja í þjóðfélagsumræðunni. Samtökin hafa beitt sér gegn umsvifum ríkisins á lánamarkaði. „SBV álfita að íslensk stjórnmöld eigi ekki annarra kosta völ en að viðurkenna þær breytingar sem orðið hafa og endurskoða aðkomu ríkisins að lánamarkaði einstaklinga í því augnamiði að beina henni að félagslegum þáttum, líkt og alls staðar annars staðar í Evrópu.“ -hh **Sjá síðu 4**



HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON Forstjóri KB banka vill endurskoða aðkomu ríkisins að lánamarkaði

FRÉTTIR VIKUNNAR

Eignarskattur – Eignarskattur hækkar um 50 prósent milli ára 2004 og 2005. Hækkun á fasteignaverði skýrir þessa breytingu.

Hagnaður – Fyrsti ársfjórðungur er á enda og spá greiningardeildirnar fyrirtækjum miklum hagnaði. Bönkunum er spáð gríðarlegum hagnaði fyrstu þrjá mánuðina.

Landssíminn – Síminn verður seldur í heilu lagi til eins kjölfestufjárfestis. Ríkið gæti fengið 50-60 milljarða fyrir sinn snúð.

Ker – Lögbannsbeiðni verður tekin fyrir hjá sýslumanni í dag þar sem reynir á lögmæti hlutafjár aukningar í Festingu.

Markaðurinn – Markaðurinn var mjög góður í vikunni og fór Úrvalsvisitalan yfir 4.000 stig. Bankarnir og fjárfestingafélögin hækkuðu öll.



Ríkir Íslendingar – Björgólfur Thor, Bakkabræður og Jón Ásgeir komust á lista Sunday Times yfir ríkustu menn á Bretlandseyjum.

Samherji – Samherji er á leiðinni af markaði. Þetta eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins bætist í hóp fjölmargra félaga sem hafa horfið úr Kauphöllinni á undanförunum misserum.

Singer & Friedlander – Stjórn breska fjárfestingarbankans hefur hafið viðræður við KB banka um mögulega yfirtöku. KB banki á 20 prósent hlutafjár í þeim breska.

Trúnaðarsamningur til fjárfesta í dag

Erlendir fjárfestar, sem vilja undirbúa tilboð í Símann, hafa gefið sig fram við Morgan Stanley.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Fyrstu fjárfestarnir sem hafa áhuga á að kaupa Símann fá trúnaðarsamning í hendurnar í dag frá Morgan Stanley. Undirritun hans er forsenda þess að fá ítarlegri upplýsingar um rekstur Símans til að geta unnið að og skilað inn óbindandi tilboði fyrir 6. maí næstkomandi.

Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, segir marga innlenda og erlenda aðila hafa haft samband við nefndina og ráðgjafana í Morgan Stanley frá því að söluferlið var kynnt. Áhuginn sé því þó nokkur. Í fyrsta áfanga verði ekki gerðar eins miklar kröfur til tilboðsgjafa og á síðari stigum söluferilsins. Það eigi að gera fleirum kleift að kynna sér fyrirtækið í fyrsta áfanga.

Í úttekt Markaðarins á söluferli Símans í dag kemur fram að verðmat Símans, sem nefnt hefur

verið í fjölmiðlum, sé til þess fallið að draga úr áhuga erlendra fjárfesta á fyrirtækinu. Það sé þó í samræmi við þróun á íslenska hlutabréfamarkaðnum. Valið standi á milli þess að fjárfesta á Íslandi eða annars staðar í Evrópu þar sem verðið sé lægra. Þrátt fyrir það hafa nokkrir hópar komið hingað til lands til að kynna sér málið betur undanfarnar vikur og mánuði. Eru aðilar eins og Cinven í Bretlandi og Blackstone Group og Providence Equity í Bandaríkjunum nefndir í því samhengi.

Jón Sveinsson segir það koma fljótlega í ljós hvert vægi verðs verður við mat á tilboðum í Símann. Einnig verður horft til annarra þátta eins og fjárhagslegs styrks, framtíðarsýnar og reynslu af rekstri. Gunnlaugur Jónsson fjármálaráðgjafi segir mikilvægt að þetta ferli sé hafið yfir allan vafa um fyrirframgefna niðurstöðu. Ríkið eigi að setja skilyrði við sölu fyrst og svo eigi eingöngu að keppa um Símann á grundvelli verðs.

Sjá úttekt í miðopnu

Greiningardeild Íslandsbanka spáir góðri afkomu:

Áttatíu prósent hagnaðaraukning fyrstu þrjá mánuðina

Dögg Hjaltalín
skrifar

Hagnaður helstu félaganna í Kauphöllinni á fyrstu þremur mánuðum ársins eykst um tæp 80 prósent milli ára ef afkomuspá greiningardeildar Íslandsbanka gengur eftir. Munar þar mestu um 11,3 milljarða króna hagnað KB banka en hagnaður KB banka á sama tíma í fyrra var 2,65 milljarðar. Ekki er gert ráð fyrir að fyrirtækin haldi áfram að skila jafn miklum hagnaði á árinu í heild og fyrstu þrjá mánuði þess.

Sex félög græða meira en milljarð á fyrstu þremur mánuðum ársins og eru það sömu fyrir-

tæki og græddu meira en milljarð á fyrstu þremur mánuðum síðasta árs. Fimm þessara félaga eru fjármálafyrirtæki en sjötta fyrirtækið er Actavis.

19 fyrirtækjum er spáð tæplega 31 milljarðs króna hagnaði á fyrstu þremur mánuðum ársins en í fyrra var hagnaður þessara fyrirtækja rúmur 17 milljarðar. Aðeins einu félagi er spáð tapi. FL Group er spáð 11 milljóna króna tapi en fyrstu mánuðir ársins eru alltaf þeir erfiðustu í rekstri félagsins.

Greiningardeild Íslandsbanka spáir því að hagnaður félaganna 19 verði 18% hærri á þessu ári en í fyrra. Á árinu 2004 var heildar-

HAGNAÐUR FYRSTU ÞRJA MÁNUÐI ÁRSINS		
– í milljónum króna		
	Spá 2005*	2004
KB banki	11.270	2.650
Burdarás	5.384	4.932
Landsbankinn	5.296	4.094
Straumur	3.132	2.014
Tryggingamiðstöðin	1.215	1.093
Actavis	1.201	1.359
Samtals:	27.498	16.142

*Samkvæmt spá greiningardeildar Íslandsbanka

hagnaður félaganna 64 milljarðar en á þessu ári er gert ráð fyrir að hann verði 75 milljarðar og líkt og áður vegur hagnaður fjármálafyrirtækja þungast.



10,2%* Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíveða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

*Nafnávöxtun frá 01.03.2005–01.04.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, víst til útbóðsýsingar og útdráttar úr útbóðsýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.li.is

Decode lækkar enn

Decode Genetics, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, hefur lækkað um 30 prósent frá áramótum en fallið hefur verið skarpt frá því að félagið birti afkomutölur sínar í byrjun mars. Þá var tilkynnt um 3,5 milljarða króna tap félagsins fyrir árið 2004. Markaðsvirði Decode er því um 18 milljarðar króna eða það sama og virði OgVodafone.

Í vikunni bárust þær fréttir að Íslensk erfðagreining hefði selt fasteignafélaginu Festingu húsnæði sitt í Vatnsmýrinni fyrir um 3,4 milljarða króna. Jafnframt skuldbindur félagið sig til að leigja það til næstu fimmtán ára. Söluhagnaður eftir greiðslu lána sem tekin voru við byggingu hússins er um 900 milljónir króna. - eþa

KÁRI STEFÁNSSON Decode hagnaðist um 900 milljónir króna af sölu á höfuðstöðvunum. Verðmæti félagsins á markaði minnkað umtalsvert frá áramótum.



Fréttablaðið/Stefán

Ísland of lítið

Taka ber nýjan hóp fjárfesta sem eru á ferð um Evrópu alvarlega, segir í BusinessWeek. Einn þeirra hafi keypt stóran danskan banka á síðasta ári og sé að leita að fleiri yfirtökum. Annar sé að fjárfesta fyrir háar fjárhæðir í fjarskiptatækni og öðrum fyrirtækjum á Norðurlöndum og Bretlandseyjum. Sá þriðji hafi komist yfir bresk leikföng, matvöru og fataverslanir hin síðari ár. Síðan er spurt í greininni hvort þessir fjárfestar séu ríkir Þjóðverjar eða rússneskir óligarkar. „Nei, þeir eru Íslendingar,“ er svarið og Ísland sé of lítið til að þessir vel stæðu Skandinavari geti eytt svo miklum peningum heima fyrir. - bg

Samskip þakkar björgun sjómanna af Jökulfellinu

Knútur G. Hauksson, forstjóri Samskipa, afhenti Joen Jakob Jakobsen, formanni Sjöbjörgunarstöðvarinnar, rúmlega eina milljón króna sem þakklætisvott fyrir þátt hennar í björgun sjómanna af Jökulfellinu í febrúar sl. Notaði forstjóri Samskipa tækifærið og þakkaði viðskiptavinum í Færeyjum góðar móttökur og sívaxandi viðskipti á fyrsta starfsári félagsins þar en fyrsta apríl var eitt ár líðið frá því að skrifstofa Samskipa í Færeyjum



ÞAKKAÐ FYRIR BJÖRGUN Knútur G. Hauksson, forstjóri Samskipa, afhendir Joen Jakob Jakobsen, formanni Sjöbjörgunarstöðvarinnar, ávísun að upphæð 100 þúsund færeyskar krónur.

tók til starfa. „Vöruflutningar til og frá Færeyjum fyrsta árið hafa farið fram úr björtustu vonum okkar Samskipamanna og erum við afar bjartsýnir á framtíðina,“ sagði hann. - dh

Erlendar skuldir:

Hlutabréf gætu lækkað um leið og krónan

Snögg verðlækkun krónunnar gæti leitt til þess að hlutabréf lækkuðu í verði. Í afkomuspá Greiningar Íslandsbanka kemur fram að gengi krónunnar hafi hækkað verulega á fyrsta ársfjórðungi og fjárfestar hafi nýtt þær aðstæður til að draga úr erlendra skuldsætingu og selt til dæmis innlend hlutabréf á móti. Snögg verðlækkun krónunnar myndi valda því að einhverjir vildu selja hlutabréf sín og þá sé meiri hætt á verðlækkun. Af þessum ástæðum gæti skapast ójafnvægi í hagkerfinu sem hefur bæði neikvæð áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja og vilja fjárfesta til að kaupa hlutabréf.

Tvöföldun frá útboði

Þeir sem keyptu bréf í Lands símanum í útboðinu árið 2001 hafa náð ágættri ávöxtun ef arðgreiðslur eru einnig reiknaðar með. Á sínum tíma skráu 2.600 manns sig fyrir 1,2 milljörðum króna að markaðsvirði, þar af 600 starfsmenn Símans.

Gengi Landssímans hefur hækkað um 83 prósent á þremur og hálfu ári en að teknu tilliti til arðgreiðslna nemur ávöxtunin 111 prósentum.

Útboðsgengið var 5,75 krónur á hlut í september 2001 en gengi Landssímans stóð í 10,5 við lok markaða á miðvikudaginn var. - eþa

Ró að færast yfir

KB banki og Landsbankinn ósammála um stöðuna á fasteignamarkaðinum. Fasteignasalar verða varir við minni spennu á markaðinum.

Eggert Þór Aðalsteinsson skrifar

Teikn eru á lofti um að farið sé að hægjast um á fasteignamarkaði eftir samfelldar hækkanir frá því í ágúst á síðasta ári. Greiningardeildir bankanna eru ósammála um hvort hægt hafi á fasteignamarkaði en fasteignasalar segja að ró sé að færast yfir markaðinn.

Greining Íslandsbanka bendir á að fermetraverð í fjölbýli hafi staðið í stað á milli mars og febrúar en það hafði hækkað um 1-7 prósent milli mánaða frá því að verðsprengingin hófst. Landsbankinn er sama sinnis og greinir frá því að samkvæmt vikulegum tölum frá Fasteignamati ríkisins (FMR) hafi veltan verið að dragast saman og fjöldi þinglýstra kaupsamninga hafi fækkað.

KB banki kemst að allt annarri niðurstöðu um markaðinn en Landsbankinn. Að hans mati eru engin merki um að velja á fasteignamarkaði hafi minnkað og með því að deila veltunni niður á fjölda virkra daga í mars fær bankinn það út að meðalvelta hafi verið einn milljarður dag hvern sem er hærri en meðaldagsveltan undanfarna tólf vikur.

Þeir fasteignasalar sem rætt var við voru þeirrar skoðunar að salan væri ekki eins mikil og áður og framboð á eignum væri farið að aukast. Ingólfur Gissurarson, fasteignasali í Valhöll, telur að ákveðið jafnvægi sé að nást á fasteignamarkaði og þau læti sem áttu sér stað á markaðinum í kringum áramótin væru yfirstaðin. Bendir það til þess að framboð og eftirspurn séu að mætast. Hann sér fram á að verð á þeim fasteignum, sem hafa verið verðlagðar mun hærra en sambærilegar eignir, leiðréttist. Ingólfur verður var við að bankar og sparissjóðir séu orðnir stífari í lánveitingum en áður. Áhyggj-

Greiningardeildir bankanna eru ósammála um hvort hægt hafi á fasteignamarkaði en fasteignasalar segja að ró sé að færast yfir markaðinn.



FRAMBOÐ MÆTIR EFTIRSPURN Eignir seljast ekki eins hratt og þær gerðu. Fasteignasalar telja að fasteignaverð ekki lækka.

ur manna af vaxandi verðbólgu og gríðarlegum hækkunum fasteignaverðs gætu haft áhrif á stefnu lánveitenda í þessum efnunum.

Annar reyndur fasteignasali, Jón Guðmundsson hjá Fasteignamarkaðinum býst við að fasteignaverð eigi ekki eftir að hækka mikið úr þessu það sem eftir er árs heldur haldast fremur stöðugt. Eignir staldri nú lengur við en þær hafa gert á undanförunum mánuðum. „Ég held að enginn sé að spá því að verðið eigi eftir að lækka í krónum talið á næstunni en við gætum séð fram á raunverðslækkun þegar líður vel á árið.“

Tölur frá FMR í síðustu viku sýndu að velta á fasteignamarkaði var um 3,1 milljarður króna samanborið við 4,1 milljarða meðaltal síðustu tólf vikna. Meðalverð á kaupsamning var hins vegar 24,7 milljónir króna miðað við 20,7, sem er meðaltal síðustu tólf vikna.



JÓN INGI BENEDIKTSSON Kauphöllin hefur sett hlutabréf Líftækisjósins á at- hugaralista.

Afskráning rædd Líftækisjóðurinn fer hugsanlega af markaði

Á aðalfundi Líftækisjósins í næstu viku verða framtíðarhorfur félagsins ræddar, þar á meðal hvort félagið eigi að vera áfram skráð á hlutabréfmarkað. Jón Ingi Benediktsson, framkvæmdastjóri félagsins, segir það vera misskilning að stjórni Líftækisjósins ætli að leggja það fyrir fundinn að félagið verði afskráð. Hún vilji að fundurinn ræði fyrst þetta mál áður en formleg ákvörðun verður tekin. Því er hins vegar ekki að neita að fyrir lítið félag eins og Líftækisjóðinn fylgi skráningu mikill kostnaður.

Líftækisjóðurinn hefur verið skráður á aðallista Kauphallarinnar frá árinu 2000. Lítil og sveiflukennd viðskipti eru með bréf félagsins. Verðmæti félagsins er 16% hærra nú en það var um áramót. - eþa

Notkun ísþykkis frá Optimar Íslandi ehf. er góð aðferð til að ná fram hámarks kælihraða því flotmikið og fínristallað ísþykknið umlykur allt hráefnið og orkuyfirfærslan er því gríðarlega hröð.

optimar Iceland Stangarhyl 6 | 110 Reykjavík
Sími 587 1300 | Fax 587 1301 | optimar@optimar.is | www.optimar.is

Önnur ríkasta þjóð heims?

Hugsanlega verður Ísland með næstmestu landsframleiðslu á mann í ár.

Greiningardeild Íslandsbanka telur að Ísland sé hugsanlega komið í annað sæti yfir þau lönd þar sem framleiðsla er mest á mann. Meðal þess sem veldur er mikill hagvöxtur á Íslandi og styrking íslensku krónunnar gagnvart Bandaríkjadali.

Ástæða þess að breytt gengi dalsins hefur áhrif er sú að í alþjóðlegum samanburði er notast við Bandaríkjadali sem viðmið. Þannig hækkar landsframleiðslan í Bandaríkjadöllum talið þegar þegar krónan styrkist og því getur framleiðslan í dölum talið hækkað miklu meira en í krónum talið.

Árið 2003 var Ísland í níunda

sæti á listanum með 30.900 Bandaríkjadali á mann en mikill hagvöxtur í fyrra og fyrirséður hagvöxtur upp á ríflega sex prósent í ár gæti fleytt Íslendingum í annað sæti.

Það eru hins vegar engar líkur á því að Íslendingar nái fyrsta sætinu í bráð en þar tróna Lúxemborgarar með höfuð og herðar yfir aðra. Þar var landsframleiðslan 55 þúsund dalir á mann árið 2003. Greiningardeild Íslandsbanka bendir þó á að tilvik Lúxemborgar sé ekki alls kostar sambærilegt þar sem mikill fjöldi erlendra ríkisborgara starfi í Lúxemborg en búi ekki þar. Verðmætasköpun þessara útlendinga



GÓÐÆRIÐ Á BRYGGJUNNI Auðlegð Íslands eykst hratt um þessar mundir og mikið er flutt inn af vörum.

telst hins vegar til landsframleiðslu Lúxemborgar.



NEW YORK. Sumir borga miklu meira fyrir utanlandið.

Borgar York

Pað er
og slep

FERÐALÖG Þó
fyrirsögnin h
öf
sum
borga miklu
jafnvel þó
hótelgistingi
er fólkið sem
í því að borg
að það mu
fjárhæðum
ferðinni og þ
mæta þessum
Skodum
fyrir því að g
höfuðborg D
krónur. Ef hj
kostnaði með
næstu fjögur ár
aður um 284.000
að vita nema þat
New York fyrir þá



Fermingar- börn eyði í sparnað

Landsbankinn veitir fræðslu og móttframlag

FERMINGAR Fátt er ungu fólki jafn hollt og fjármálaráðgjöf. Landsbankinn hvetur alla sem fermast til að eyða hluta af fermingarpeningunum í sparnað og býður upp á ráðgjöf í þeim efnum. Bankinn hvetur fermingarbornin og forráðamenn þeirra til að panta tíma í ráðgjöf á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Þau fermingarborn sem þiggja boð um fræðslu fá í kjölfarið 2.000 kr. móttframlag í formi inneignar á Framtíðargrunni frá Landsbankanum.

Ný könnun

FJÓLSKYLDUTEKJUR Ný könnun fólks, sem er með nýjstu tekjur en 550 þúsund krónur, sýnir að uði, leggur ekkert fyrir í reglubundnu sparnað og 17% þeirra eiga ekki krónu í varasjóði til að mæta óvæntum útgjöldum. Niðurstöður nýjustu neyslukönnunar Gallups sýna enn fremur að tekjur virðast ekki skipta öllu máli varðandi sparnað því þriðjungur þeirra sem eru með fjölskyldutekjur undir 250 þúsundum á mánuði sparar reglulega á meðan 44% þeirra sem eru með tekjur yfir 550 þúsundum á mánuði telja sig ekki hafa efni á því að spara. 31% fólks á ekki krónu í sparifé en hins vegar hafa rúm 19% þeirra sem eru með 250 þúsund eða minna í fjölskyldutekjur á mánuði safnað sér varasjóði sem nemur einni milljón króna eða meira.

Lengd menntunar og fjöldi þeirra sem leggja reglulega fyrir virðast haldast í hendur. Þannig spara 38%

hlutfærlega, kemur kannski ekki á óvart, heldur frekar sú staðreynd að 47% aðspurðra telja sig geta sparað reglulega, en aðeins 43,8% spara í raun reglulega. Það vekur upp spurningar um hvað hin rúmlega 56% sem ekki spara geta gert til að bregðast við fjárhagslegum áföllum eða öðrum útgjöldum, s.s. fjölskyldufrii, nýjum sófa, bíl o.s.frv.

Landsbankinn telur að fleiri geti sparað reglulega. „Auðvitað verður fólk að sníða sér stakk eftir vexti, en við erum þess fullviss að ráðgjafar okkar geti hjálpað næstum öllum að spara. Orðatiltækið „margt smátt gerir eitt stórt“ á við í þessu sem og svo mörgu öðru.”

Borgaðu sjálfum þér fyrst

Hugmyndir Davids Bachs fara sigurför um heiminn

SPARNAÐUR David Bach er bandarískur sérfræðingur í fjárfestingum sem hefur skrifað fjölda bóka og haldið fyrirlestra um hvernig allir geta orðið efnadír – óháð því hvað þeir eru með í laun. Samkvæmt kenningum Davids Bachs er grundvöllur þess að safna auði einfaldlega að borga sjálfum sér fyrst. Um hver mánaðamót (sé gengið út frá því að laun séu greidd um mánaðamót) ætti hver og einn að borga sjálfum sér vissa upphæð eða prósentu af launinum, áður en nokkuð annað er gert við þau. Eins segir hann gott að hugsa um að leggja fyrir laun einnar vinnudagur á dag, það sé ekki til mikið fjárfestingarfræðingur á 8 stunda vinnu- og hvíldardagum. Þetta er þukustund sem þú færst til að spara. Eins segir hann gott að hugsa um að leggja fyrir laun einnar vinnudagur á dag, það sé ekki til mikið fjárfestingarfræðingur á 8 stunda vinnu- og hvíldardagum. Þetta er þukustund sem þú færst til að spara.

okkar að eyða því sem við höfum, 10-20% til eða frá skipta ekki meginmáli.

Til þess að hafa sparnaðinn eins sársaukalausan og mögulegt er þarf hann að eiga sér stað sjálfkrafa en ekki með fyrirhöfn. Með einu símtali við þjónustufulltrúa í bankanum getur sparnaðurinn orðið sjálfvirkur, annars er hætt á því að menn gleymi því viljandi að leggja fyrir í einstök skipti. Hver og einn ákveður sjálfur hversu mikið hann vill spara og hversu ört og ef svo ber undir er hægt að draga úr eða auka við sparnaðinn þegar við á.

En það er ekki nóg að spara, það þarf líka að fjárfesta til þess að peningurinn fari að vinna fyrir þig. David Bach er ákafur talsmaður öflugssparnaðar og hvetur fólk til þess að spara eins mikið í líffeyrissjóðum og hægt er. Einnig telur hann nauðsynlegt að eiga annan líffeyri, t.d. fyrir húsnæði, bíl, ferðagjöld, óvæntum áföllum o.s.frv. Þetta er skynsamlegt að fjárfesta í sparnaðinum. Í raun er það besta fjárfestingarleiðin til að tryggja fjárfestingu þína til langtímu. Þú getur sparnað stuðla til framtíðar með skipulagi og sparnaði sem þú getur leita til hjálpar við að

10. apríl rennur upp eftir tvo daga

Þann 10. apríl munu eigendur spariskirteina sem eiga bréf á gjaldþaga fá innleystan sparnað sinn. Með endurfjárfestingu í Sparibréfum Landsbankans njóta sparifjäreigendur áfram traustar og umfram allt öruggar ávöxtunar, auk 100% afsláttar af mismuni kaup- og sölugengis inn í Sparibréf. Kynntu þér kosti Sparibréfa Landsbankans og annarra sparnaðarleiða í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Eyddu í sparnað.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is



FJÁRFESTINGAR. Það er ekki nóg að spara, það þarf líka að fjárfesta til þess að peningurinn fari að vinna fyrir þig.

Fín ávöxtun af stofnfjárbréfum

Bréf í SPRON gáfu mesta arðinn

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Góð ávöxtun var af stofnfjárbréfum þeirra sparisjóða sem hafa marga stofnfjáreigendur í sínum röðum. Raunávöxtun af stofnfjárbréfum í SPRON var langbest eða um 30,5 prósent en þar var einnig mesti hagnaðurinn.

Einnig sýndu bréf í SPV góða raunávöxtun eða 21 prósent. Stofnfjáreigendur í Sparisjóðum

Hafnarfjarðar og Kópavogs fengu 15 prósent arð af sínum bréfum og eigendur bréfa í Sparisjóði Keflavíkur um 12,5 prósent ávöxtun.

Sparisjóðir hafa heimild til að hækka stofnfjárbréf sem nemur breytingum á vísitölu neysluverðs en einnig geta þeir hækkað bréfin með sérstöku endurmati. Ráðstafa má 10 prósentum af hagnaði sparisjóðs til að hækka stofnfé um 5 prósent. Þessu til viðbótar er heimilt að greiða út

arð í formi peninga að fenginni tillögu frá tryggingasjóði sparisjóða. Sparisjóðum er heimilt að greiða út arð eftir tapár.

Aðeins stofnfjárbréf í SPRON ganga kaupum og sölu á markaði en síðasta gengi á bréfunum var sjöfalt nafnverð þeirra. Þótt aðrir sparisjóðir hafi rætt um að gera fjárfestum kleift að versla með stofnfjárbréf hefur enginn þeirra enn tekið ákvörðun um að koma á fót markaði með bréfin.



GREIDDI GÓÐAN ARÐ Guðmundur Hauksson og félagar hjá SPRON greiddu 30,5 prósent arð.

Iceland:

Fjarsala sett á ís

Stjórnendur verslananna Iceland á Bretlandi, sem eru meðal annars í eigu íslenskra fjárfesta, ætla að loka fjarsölu fyrirtækisins í gegnum internet og síma 23. apríl næstkomandi.

Samkvæmt vnunet.com er ástæðan taprekstur á starfsemi. Ákvörðunin er sögð vera algjör viðsnúningur hjá versluninni sem hafi fjárfest mikið til að útvíkka starfsemi sína frá því að reka eingöngu verslanir.

Iceland selur aðallega frosna tilbúna matvöru og er með um 22 þúsund manns í vinnu.



STYRMIR ÞÓR BRAGASON forstjóri Atorku

Low & Bonar í örum vexti

Félagið keypt vegna lægs verðs

Atorka Group á yfir 20% hlut í breska félaginu Low & Bonar og Styrmir Þór Bragason, forstjóri Atorku segir enga ákvörðun hafa verið tekið um frekari fjárfestingar í félaginu. „Low & Bonar er vel rekið félag sem skilar góðri arðsemi og reglulegri arðgreiðslu,“ segir hann.

Atorka hefur til þessa fjárfest í nokkrum félögum þar sem þeir hafa þurft að skipta sér að rekstrinum en Styrmir segir Atorku ekki þurfa að skipta sér að rekstri félagsins, nýr forstjóri hafi byrjað fyrir þremur árum og honum hafi tekist að snúa rekstri félagsins við.

Low & Bonar er ekki áberandi félag á breska markaðinum. Ástæða þess að Atorka fjárfesti upphaflega í Low & Bonar var eingöngu út frá verðlagningu en markaðurinn var búinn að missa trú á því. „Fyrirtækið var vanmetið en það er mjög vel rekið, í góðum og örum vexti,“ segir Styrmir. Virði hlutar Atorku í breska félaginu Low & Bonar er um þrjú milljarðar.

Low & Bonar plc. framleiðir og selur vörur inn á fyrirtækjamarkað.

Rekstur félagsins skiptist í þrjár megindeildir: Gólfefnaframleiðsla sem er 39% af tekjum, garn- og vefnaðarframleiðsla, sem er 28% af tekjum og framleiðsla á plastvörum sem vegur um 33% af tekjum. Low & Bonar er með höfuðstöðvar í London. - dh

Fjármálageirinn jafnar hlut sjávarútveggarins


Hlutur fjármálafyrirtækja í landsframleiðslu Íslendinga hefur nær tvöfaldast á sjö árum. Hlutur greinarinnar er nú álíka mikill og sjávarútveggarins.

Hafliði Helgason
skrifar

Hlutur fjármálafyrirtækja í landsframleiðslu Íslendinga er nú nálægt því að vera jafnmikill og hlutur sjávarútveggarins. Samhliða örum vexti í fjármálageiranum hafa ytri aðstæður dregið úr vægi sjávarútvegs. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu sem Hagfræðisetur Háskólans í Reykjavík vann fyrir Samtök banka og verðbréfafyrirtækja.

Hlutdeild fjármálaþjónustu í landsframleiðslunni hefur vaxið úr fjórum prósentum árið 1997 í vel á áttunda prósent árið 2004. Hlutfall fjármálaþjónustu í landsframleiðslunni hefur því næstum tvöfaldast. Á sama tímabili hefur hlutur sjávarútveggar lækkað úr rúmum tólf prósentum niður í rúm átta prósent. Í skýrslunni er fyrirvari um að tölur frá 2003 til 2004 séu byggðar á áætlunum.

Sama er hvar ber niður í skýrslunni, vöxtur fjármálafyrirtækja er á öllum sviðum. Þannig hafa eignir þeirra sem hlutfall af landsframleiðslu margfaldast á árunum 1995 til 2004. Árið 1995 námu eignir fjármálafyrirtækja um 60 prósentum af landsframleiðslu. Árið 2004 voru eignirnar hins vegar 340 prósent af landsframleiðslu. Hagnaður fjármálafyrirtækja hefur einnig vaxið hröðum skrefum og var í fyrra 45 milljarðar króna fyrir skatta. Til samanburðar var hagnaður fjármálafyrirtækja tveir milljarðar fyrir skatta árið 1995.



HREIDAR MÁR SIGURÐSSON Fjármálafyrirtækin eru í mikilli sökn. Fjallað var um stöðuna á fundi Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja í gær.

Aukningin er tuttuguföld, en á sama tíma jókst landsframleiðslan um 190 prósent. Ef horft er til þróunar vaxtamunar eða munar á inn- og útlánsvöxtum á tímabilinu, þá hefur hann minnkað úr 4,3 prósentum árið 1995 í 2,3 prósent árið 2004. Skýringar á þessu eru taldar vera meiri fjölbreytni í eignum banka og harðari samkeppni þeirra á milli. „Þessi skýrsla kristallar þá byltingu sem orðið hefur á fjármálamarkaði á örfáum árum. Gefur til kynna að enn eigi þess atvinnugrein stór skref ófarin til framdráttar fyrir íslenskt atvinnulíf,“ segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri SBV.

Í skýrslunni eru raktar rannsóknir hagfræðinga á áhrifum fjármálageirans á hagvöxt. Almenn álit þar er að fjármálageirinn hafi mikil áhrif á hagvöxt og því meiri sem hann er þróaðri. Enda þótt fræðimenn greini á um eftir hvaða leiðum fjármálastarfsemi stuðli að hagvexti ber þeim saman um að virkur fjármálamarkaður eflir atvinnustarfsemi og stuðli þar með að bættum lífskjörum almennings.

Með vexti fjármálafyrirtækjanna hefur geta

Meiri menntun hærra laun

Fjöldi þeirra sem vinna hjá fjármálafyrirtækjum hefur ekki breyst til muna undanfarin ár. Samsetning hópsins hefur hins vegar tekið stakkaskiptum. Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna fjármálafyrirtækja hefur vaxið úr fimmtán prósentum í rúman þriðjung frá árinu 1996. Fjöldi háskólamenntaðra hefur tvöfaldast á sama tíma og fjölgun háskólamenntaðra í atvinnulífínu almennt hefur vaxið úr fjórtán prósentum í liðlega tuttugu prósent af heildinni.

Hærra menntunarstig í fjármálafyrirtækjunum birtist skýrt í þróun þeirra launa sem greidd eru í greininni. Meðallaun hækkuðu um 200% frá árinu 1995 til 2004; úr 157 þúsund árið 1995 í 500 þúsund á mánuði árið 2004. Kaupmáttarákning þeirra sem fylgt hefðu þróun þessara meðallauna á tímabilinu hefði því aukist um 140 prósent.

þeirra til þess að styðja við íslensk fyrirtæki aukist. Bönkum eru takmörk sett í því hversu hátt hlutfall eigin fjár má leggja í stórar áhættuskuldbindingar til einstakra viðskiptamanna. Fjármálageirinn hefði í heild sinni getað veitt 5,3 milljörðum króna til einstaks viðskiptamanns, en nú gæti sú upphæð orðið 59,4 milljarðar króna.

HANDBÓK UM GÆÐASTJÓRNUN

ISO 9000 kjarnastaðlarnir - hljóma betur saman



Kjarnastaðlarnir fjórir í ISO 9000 röðinni í einni bók:

- ISO 9000
- ISO 9001
- ISO 9004
- ISO 19011

Þeir sem eiga þessa bók ásamt handbókinni ISO 9001 fyrir lítil fyrirtæki – Leiðsögn, hafa við höndina þau rit sem mestu skipta í gæðastjórnun.

Pantaðu í síma 520 7150 eða á www.stadlar.is

Ávöxtun Frjálsa lífeyrissjóðsins góð

Frjálsi lífeyrissjóðurinn skiladi góðri ávöxtun á síðasta ári og talsvert umfram þær vísitölur sem notaðar eru til viðmiðunar. Ávöxtun ársins er rúmir fjórir milljarðar en hrein eign til greiðslu lífeyris nam 36 milljörðum í lok síðasta árs og jókst um 10 milljarða milli ára. Eignir umfram áfallnar skuldbindingar voru 19% og eignir umfram heildarskuldbindingar voru 3,6%

þrátt fyrir að nýjar töflur um auknar lífslíkur auki skuldbindingar sjóðsins.

Iðgjöld til sjóðsins námu 3,7 milljörðum og lífeyrissgreiðslur 354 milljónum. Sjóðsfélögum fjölgaði um rúm fjögur þúsund á árinu og voru þeir 30 þúsund í lok árs.

Þórunn Pálsdóttir, fjármálastjóri Ístaks, og María Sólbergsdóttir, starfsmaður KB banka,

komu inn í stjórn lífeyrissjóðsins. Þeir stjórnarmenn sem sitja áfram eru: Ásdís Eva Hannesdóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands, Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, Bjarnar Ingimarsson, fyrrverandi fjármálastjóri Álfélagsins, Ásgeir Thoroddsen lögfræðingur og Einar Róbert Arnason, deildarstjóri á Keflavíkurflugvelli.

Við höldum upp á 2ja ára afmælið föstudag og laugardag

5 stk. á tilboði



iBook 12" G4

1,2 GHz / 256 MB / 30 GB / Combo / Airport / Íslenskt stýrikerfi

89.900

10 stk. á tilboði



iMac 17" G5

1,8 GHz / 256 MB / 80 GB / SuperDrive / Íslenskt stýrikerfi

149.900

10 stk. á tilboði



iMac 20" G5

1,8 GHz / 256 MB / 160 GB / SuperDrive / Íslenskt stýrikerfi

179.990

50 stk. á tilboði



AirPort Express

Farðu á netið, prentaðu og spilaðu tónlist – allt þráðlaust.

8.990

10 stk. á tilboði



Mac mini

1,25GHz G4 / 40GB / 256MB Combo / Íslenskt stýrikerfi

39.900

10 stk. á tilboði



iPod mini

4 GB / Silfur
1000 lög í vasann

19.900

15 stk. á tilboði

LaCie harðir diskur hannaðir af Porsche Design
160 GB 12.900 /
250 GB 16.900




Tilboð föstudag og laugardag

Fartölvutöskur
15% afsláttur



Tilboð föstudag og laugardag

Tölvuleikir
30% afsláttur



iPod shuffle happdrætti!

Við ætlum að draga út iPod shuffle handa heppnum þátttakanda
Skráðu þig á www.apple.is/shuffle

Dregið verður 1. maí 2005



Afgreiðslutími

Föstudagur 10:00 – 18:00

Laugardagur 11:00 – 15:00



Apple IMC

Brautarholti 10–14

105 Reykjavík

Sími 534 3400

www.apple.is/samband

Góður, betri,



Mercedes-Benz 200 Kompressor Elegance
Verð 5.358.000 kr.

Mercedes-Benz 200 Kompressor Avantgarde
Verð 5.530.000 kr.

Mercedes-Benz 220 CDI Elegance
Verð 5.870.000 kr.

Mercedes-Benz E-Class

E-Class býður upp á allt það besta sem finna má í einni bifreið. Í honum fara saman óviðjafnanleg þægindi, nýjasta tækni og ómótstæðileg hönnun. Láttu nýjan E-Class koma þér þægilega á óvart því þótt Mercedes-Benz hafi alltaf framleitt góða bíla þá er hinn nýi E-Class jafnvel ennþá betri en sá besti.

Komdu og reynsluaktu nýjum E-Class.



Mercedes-Benz

Hagnaður miðað við áætlun:

Eigendur borga yfir milljarð með Strætó

Rekstrarkostnaður Strætó bs. var 2,1 milljarður króna á síðasta ári en kostnaður við rekstur vagnanna er stærsti einstaki kostnaðarliðurinn, um 1,8 milljarðar króna. Eigin tekjur af rekstri Strætó á síðasta ári voru 825 milljónir króna þannig að tæplega 1,3 milljarða tap er af rekstri félagsins. Tapið er fjármagnað með framlagi eigenda

sem eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. 57 milljóna króna afgangur varð af rekstri Strætó bs. á síðasta ári miðað við áætlun og segir í frétt frá Strætó að niðurstaðan sýni sterka stöðu fyrirtækisins og góðan árangur starfsmanna í rekstri. - dh

STRÆTÓ BS.
Kostnaður yfir tvo milljarða



Arðgreiðsla

Singer & Friedlander (SF) ætlar að greiða út arð sem svarar 4,5 pensum á hvern hlut. Heildarupphæð arðgreiðslunnar er því um 7,8 milljónir punda eða um 900 milljónir króna. KB banki, sem á um 20 prósent í SF, ætti því að fá tæpar 180 milljónir króna í sinn hlut miðað við 20 prósent eignarhlut í félaginu.



VEL STÆÐUR BANKI Seðlabankinn á milljarð í Bandaríkjadöllum.

Seðlabankinn í lok mars:

Á milljarð í dollurum

Seðlabankinn keypti gjaldreyri á Íslandi fyrir 600 milljónir króna í mars til að viðhalda gjaldreyristöðu sinni. Á bankinn núna tæpa 60 milljarða króna í erlendum gjaldreyri sem jafngildir 982 milljónum Bandaríkjadala.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 2,6 milljörðum króna í marslok miðað við markaðsverð.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir hækkuðu um 3,7 milljarða króna í mars. Á móti hækkuðu skuldir Seðlabankans við innlánsstofnanir um þrjú milljarða í mánuðinum.

Nettóinnistæður ríkissjóðs og ríkisstofnana lækkuðu um 1,8 milljarða króna og námu 23,2 milljörðum króna í lok mars. -bg

Dótturfélag SÍF fær verðlaun frá Sainsbury's:

Besti samstarfsaðilinn

Breska verslanakeðjan Sainsbury's hefur veitt Lyons Seafoods, dótturfélagi SÍF hf. í Bretlandi, verðlaun fyrir framúrskarandi frammistöðu sem besti samstarfsaðili en fyrirtækið er helsti birgji verslanakeðjunnar í kældum skelfiskafurðum.


Lyons Seafoods hefur aukið sölu til Sainsbury's verslanakeðjunnar jafnt og þétt síðastliðin ár en í fyrra nam aukningin 60% milli ára. Þetta samstarf hefur orðið til þess að Sainsbury's er leiðandi verslanakeðja í Bretlandi í sölu kældra skelfiskafurða með um 42% markaðshlutdeild.

Ole Norgaard, forstjóri Lyons Seafoods, segir alltaf ánægjulegt að fá verðlaun fyrir góða frammistöðu í viðskiptum, ekki síst frá fyrirtæki eins og Sainsbury's. Hann segir verðlaunin vitna um góða frammistöðu starfsfólks Lyons Seafoods. SÍF keypti Lyons Seafoods sumarið 2003. - dh

Íslenskur iðnaður

Verðmætasköpun 2004

Iðnaður	2004
Iðnaður	23%
Stóriðja	1%
Hátækni, vörur og þjónusta	4%
Mannvirkjagerð	10%
Annar iðnaður	8%



Fiskveiðar og vinnsla	10%
Landbúnaður	1%
Opinber þjónusta	2%
Verslun, veitingahús og hótél	11%
Samgöngur	8%
Veitur	4%
Fjármála- og önnur þjónusta	21%

Hættitil: Hagstofa Íslands

Íslenskur iðnaður skipar mikilvægan sess í þjóðlífinu og hann mun í vaxandi mæli standa undir velferð Íslendinga í framtíðinni

SI
Samtök iðnaðarins

Í skugga hákarlanna

Gengishagnaður var meiri en rekstrarhagnaður eftir skatta.

Samþjöppun innan sparissjóðafjölskyldunnar gæti hafist á þessu ári. SPRON er sér á báti.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Sparissjóðirnir hafa hver á fætur öðrum birt uppgjör fyrir árið 2004 og fara þeir ekki varhluta af góðærinu frekar en aðrar fjármálastofnanir. Samanlagður hagnaður stærstu sparissjóðanna varð meiri en nokkru sinni fyrr og efnahagur þeirra þandist út.

Hagnaður sparissjóðanna er að miklu leyti litaður af frábærri vertíð á verðbréfamarkaði í fyrra. Gengishagnaður sex stærstu sparissjóða landsins af hlutabréfa- og skuldabréfaviðskiptum var hærri en hagnaður þeirra eftir skatta. En það er svo sem ekkert nýtt að sparissjóðirnir byggja afkomu sína á viðskiptum með verðbréf. Sparissjóðirnir settu Kaupþing á markað árið 2000 og högnuðust gríðarlega fyrir vikið. Sumir sparissjóðanna hafa enn sterk tengsl við KB banka, arftaka Kaupþings. Sparissjóður Reykjavíkur (SPRON), Sparissjóður Keflavíkur (SPKEF) og Sparissjóður Mýrasýslu (SPM) eru meðal eigenda Meiðs, stærsta hluthafans í KB banka sem tvöfaldaðist að markaðsvirði árið 2004.

En þótt uppgjörin hafi verið góð er full ástæða fyrir stjórnendur sparissjóðanna að skoða framtíðarstöðu sína gagnvart risabönkunum og spyrja sig hvort sóknarfærin liggja í því að sameina sjóði, hagræða og fækka útbúum, einkum á höfuðborgarsvæðinu og bæta þannig reksturinn af hefðbundinni bankastarfsemi.

STÆRSTUR EN ALEINN

SPRON fór langt fram úr öðrum sparissjóðum á síðasta ári hvað varðar vöxt og hagnað. Gengishagnaður SPRON var um 1.700 milljónir króna sem var 250 milljónum króna hærri upphæð en hagnaður sjóðsins eftir skatta. Það er eftirtektarvert að sjóðurinn skilaði langtum meiri hagnaði fyrstu sex mánuði ársins, um 1.300 milljónum króna, en á seinni hluta ársins sem að jafnaði er mun betri.

Þetta bendir bæði til þess að sjóðurinn sé mjög háður afkomu á fjármálamörkuðum og að hefðbundin bankastarfsemi sé ekki að ganga nægilega vel. Undirstöður sjóðsins eru samt traustar og tekjurnar koma víða að. Frjálsi fjárfestingarbankinn, sem er í eigu SPRON, skilar góðu uppgjöri ár eftir ár og lánar grímt í fasteignasprengringunni.

Efnahagsreikningur SPRON óx upp í tæpa 69 milljarða króna úr 52 milljónum. Þessi mikli vöxtur tók sinn toll en eiginfjárlutfall sjóðsins stóð í 10,4 prósentum í árslok. Vegna þess stendur til að þrefalda stofnfé sjóðsins þannig að það fari í 1,9



RISASPARISSJÓÐUR Í BÍGERÐ SPRON ætlar að auka stofnfé á næstu vikum og verður þar með langstærsti sparissjóður landsins. Í samunburði við viðskiptabankana er SPRON þó hálfgerð þé.



Markaðurinn/Stefán

Er hægt að breyta sparissjóði í hlutafélag?

Svarið er já en breytingin er háð ýmsum skilyrðum. Tveir þriðju hlutar stofnfjáreigenda, sem ráða yfir 67 prósentum atkvæða á fundi stofnfjáreigenda, geta samþykkt að breyta sparissjóði í hlutafélag að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Sparissjóðurinn sam einast þá hlutafélagi sem áður hefur verið stofnað.

Við breytinguna þarf að vera búin að meta sparissjóðinn á markaðsvirði. Stofnfjáreigendur fá einungis hlutafé sem gagnjald fyrir stofnfjárlhuti sína og er það í sama hlutfalli og stofnfé var af verðmæti sparissjóðsins fyrir breytingu.

Það sem rennur ekki til stofnfjáreigenda fer til sjálfseignarstofnunar sem stofnfjáreigendur hafa litla sem enga stjórn á. Vegna þess hvað sjálfseignarstofnunin myndi eiga stóran eignarhlut í nær öllum sparissjóðum, ef þeir breyttu sér í hlutafélag, og hvað stofnfjáreigendur hefðu lítil áhrif á stjórnun stofnunarinnar þykir fáum fýsilegt að breyta sparissjóðum í hlutafélög.

Tveir sparissjóðir eru reknir sem hlutafélag, Sparissjóður Kaupþings og Netbankinn, sem er í eigu SPRON, en rekstrarformi þeirra var breytt fyrir gildistöku nýverandi laga um fjármálafyrirtæki.

milljarða króna. Stjórn sjóðsins hefur heimild til að auka það svo í 4,3 milljarða króna. Stofnfjárlaun aukning sem þessi er einsdæmi á Íslandi en eflaust býr meira að baki en það eitt að styrkja eiginfjárgrunninn.

Það er ljóst að eftir að sameiningarviðræður SPRON og SPV runnu út í sandinn síðastliðið haust á SPRON litla samleið með hinum sparissjóðunum þótt ekkert skuli útiloka í þeim efnun. Á heimasíðu Sambands íslenskra sparissjóða er SPRON ekki talið upp á meðal sparissjóðanna í landinu. KB banka og tengd félög eru mjög áberandi í stofnfjáreigendahópi SPRON og virðist sem að leiðir þeirra muni liggja saman fyrr eða síðar. Þeirri hugmynd hefur verið fleygt fram að SPRON kaupi útibúanet KB banka.

VÉLSTJÓRAR VIÐ STÝRI

Sparissjóður vélstjóra (SPV) hefur líkt og SPRON styrkt stöðu sína gríðarlega á undanförunum árum en með allt öðrum hætti. Vélstjórar hafa treyst á að hefð-

bundin banka-rekstur skili h a g n a ð n u m fremur en verðbréfaviðskipti. B a n k a m e n n hljóta að líta til vélstjóra þegar þeir velja því fyrir sér hvernig eigi að reka banka með „gamla laginu“. Síðustu þrjú árin

FUNDUR STOFNFJÁREIGENDA Sameiningar og uppkaupt innan sparissjóðanna hafa einungis verið á landsbyggðinni meðal lítilla sparissjóða. Endalaus vöxtur viðskiptabankana verður væntanlega til þess að stóru sparissjóðirnir gangi til samningaborðsins.

eftir Landsbankanum. Eiginfjárlutfall SPV er hátt sem gefur honum tækifæri til enn frekari vaxtar. Forsvarsmenn sjóðsins hafa lýst því yfir að sameining við aðra sparissjóði komi sterklega til greina og eru þá Sparissjóður Hafnarfjarðar (SPH) og Sparissjóður Kópavogs (SPK) taldir líklegir.

Þessir tveir sjóðir hafa glímt við nokkra erfiðleika síðustu árin

en nú horfir til betri vegar. SPH, sem er rótgróin stofnun í Firðinum, fór of geyst í útlánahenslunni í kringum síðustu aldamót og hefur verið að súpa seyðið af því síðan. Það sama má segja um Kópavogssjóðinn.

SPARISSJÓÐIRNIR

Sparissjóðirnir eru 25 að tölu. Þeir eru: nb.is – sparissjóður hf. Sparissjóður Bolungarvíkur Sparissjóður Hafnarfjarðar Sparissjóður Hornafjarðar Sparissjóður Húnaþings og Stranda Sparissjóður Höfðhverfinga Sparissjóður Kaupþings hf. Sparissjóður Keflavíkur Sparissjóður Kópavogs Sparissjóður Mýrasýslu Sparissjóður Norðfjarðar Sparissjóður Norðlendinga Sparissjóður Ólafsfjarðar Sparissjóður Ólafsvíkur Sparissjóður Reykjavíkur og nágrennis Sparissjóður Siglufjarðar Sparissjóður Skagafjarðar Sparissjóður Strandamanna Sparissjóður Suðurlands Sparissjóður Suður-Pingeyinga Sparissjóður Svarfdæla Sparissjóður Vestfirðinga Sparissjóður Vestmannaeyja Sparissjóður vélstjóra Sparissjóður Þórshafnar

SAMÞJÖPPUN Á LANDSBYGGÐINI

Þrjár til fjórir sparissjóðir á landsbyggðinni hafa burði til stórræða á næstu árum. Sparissjóðurinn í Keflavík hefur hagnast yfir milljarð króna á síðustu tveimur árum. Staða hans er sterk á einu stærsta þéttbýlissvæði landsins. Sparissjóður Mýrasýslu er mjög áberandi í öllu athafnalífi á Vesturlandi og víð-

ar því Borgnesingar hafa verið manna duglegastir að kaupa upp aðra sparissjóði eins og Sparissjóður Siglufjarðar og hafa nú eignast allt stofnfé í Sparissjóði Ólafsfjarðar. Ætlunin er að sameina sparissjóðina tvo.

Sparissjóður Vestmannaeyja hefur höggvið í sama knérunn og SPM. Vestmannaeyingar líta á allt Suðurland sem sitt starfs-

svæði og reka sparissjóð á Sel-fossi og eiga stærstan hluta stofnfjár í Sparissjóði Hornafjarðar. Skilaði sjóðurinn yfir 120 milljóna króna hagnaði.

Líkt og í Eyjum var afkoma Sparissjóðs Norðlendinga góð en arðsemi eigin fjár nam um 27 prósentum. Aðeins SPRON skilaði hærri arðsemi á síðasta ári.

Sparissjóðum á landsbyggðinni hefur farið fækkandi með sameiningum. Sparissjóðir Mýrasýslu og Vestmannaeyja hafa tekið upp merki gamla Búnaðarbankans og yfirtekið minni sjóði en líklega verður þróunin sú að sparissjóðum eigi eftir að fækka umtalsvert úti á landi á næstu árum. Margir landsbyggðarsjóðir eru hreinlega allt of litlir til að eiga sér sjálfstæða framtíð og því munu stærri sparissjóðir reyna að eignast stofnfé þeirra minni og gera þá að dótturfélögum.

RÓLEGT Á VÍGSTÖÐVUNUM

Staðan í sparissjóðakerfinu er sú að boðorðin eru samvinna og samþjöppun. Eftir því sem viðskiptabankarnir þrír verða stærri því erfiðara er fyrir sparissjóðina að sitja og bíða. Samkeppni banka og sparissjóða um hylli einstaklinga og fyrirtækja er hörð og gera viðskiptavinir bankakerfisins sífellt meiri kröfur til fjármálastofnana. Meðal sparissjóðanna er fylgst grannt með þróun mála í SPRON þar sem stórfelld aukning stofnfjár stendur fyrir dyrum. Margir vilja vita hvað stendur til í höfðuðstöðvum SPRON. En þar sem að SPRON hefur dregið sig að mestu út úr sparissjóðasamstarfinu eru meiri líkur á því að aðrir sparissjóðir leiti hófanna að samstarfi.

Það er svo annar handleggur hvernig gangi að mynda stærri heildir í sparissjóðakerfinu. Sparissjóðirnir eru nátengdir sínum byggðarlögum, hvort sem það er á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar. Ekki er talið víst að allir fallist á það að missa yfirráðin yfir „okkar“ sparissjóði. Það verður væntanlega hlutverk yngri stjórnenda í sparissjóðunum að hefjast handa – væntanlega á næstu misserum.



... hvernig þú sefur betur



Securitas
öryggi

með vakandi auga á fyrirtækinu

Þegar þú velur Securitas öryggismyndavélar fyrir fyrirtæki þitt tryggir þú þér hugarró vitandi að traust augu vaka yfir fyrirtækinu þínu allan sólarhringinn. Með bestu tækni, sérhæfðri þekkingu, ráðgjöf og búnaði hámarkar þú öryggi eigna, starfsemi og starfsfólks fyrirtækisins.

Eitt símtal til Securitas getur skipt sköpum fyrir fyrirtæki þitt.

Eitt símtal núna, síminn er 580-7100.



Li eins aðila

yfirráðum í félaginu. Árið 2008 verður búið að skrá Símann á markað og öll ríki. Verð mun hafa mesta vægi við mat á tilboðum en unnið er að frekari útir áhuga erlendra fjárfesta.



og Baldur Guðlaugsson kynna söluferli Símans sl. þriðjudag. Auk þeirra á Sævar Þór Sigurgeirsson sæti í nefndinni.

Síðan kom í ljós að kaupendur höfðu ekki áhuga. Í fyrsta áfanga sölnunnar, þar sem almenningi og starfsmönnum var boðinn 14 prósent hlutur í Símanum, seldist aðeins fimmtungur. Kaupendur höfðu skráð sig fyrir um 5 prósent hlutafjár í félaginu en aðeins var greitt fyrir 2,3 prósent. Af 2.588 sem skráðu sig fyrir hlut voru rúmlega 600 starfsmenn.

Selja átti kjölfestufjórðungi hlut fyrir árslok 2001. Viðræður stóðu yfir við TeleDanmark (TDC) og héldu þær áfram í janúar 2002. Það var svo ljóst í lok febrúar að ekki yrði af sölnunni til TDC og var áformum um sölu Símans hætt í kjölfarið.

Óhagstæðum aðstæðum var kennt um hvernig fór. Hryðjuverkaárásir á Bandaríkin 11. september drógu úr viðskiptum um allan heim. Mikið var talað um að verðið á Símanum væri of hátt, gengi krónunnar var óstöðugt og hagur fjarskiptafyrirtækja hafði versnað og áhugi fjárfesta á þeim minnkað.

MORGAN STANLEY GÁFU ÁBENDINGAR

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru skiptar skoðanir innan einkavæðingarnefndar um hvort setja ætti yfirhöfuð einhverjar reglur um hámarkseignarhlut, sem hver og einn fjárfestir gæti keypt, og hvort horfa ætti til annarra þátta en verðs. Niðurstaðan var að lokum, eins og áður sagði, að miða við 45 prósent eignarhlut og meta tilboðin út frá fjárhagslegum styrk tilboðsgjafa, framtíðarsýn og reynslu af rekstri. Jón segir margar leiðir hafa verið skoðaðar við sölnuna innan nefndarinnar. Hlutverk ráðgjafanna frá Morgan

Stanley hafi verið að koma með ábendingar en ekki er farið eftir öllu í smáatriðum. Það hafi verið einkavæðingarnefndar að velja úr í því efni.

Aðspurður um hvort sátt hafi verið um þessa leið milli stjórnarflokkanna bendir Jón á að tillögurnar voru samþykktar í ráðherra nefnd um einkavæðingu og kynntar í ríkisstjórn.

FLEIRI Á MÓTI SÖLUNNI

Minnihluti þjóðarinnar, eða 42 prósent, er hlynntur því að selja Landssíma Íslands. Tólf prósent eru hlutlaus en 46 prósent andvíg einkavæðingunni. Þetta kom fram í könnun Gallup í febrúar síðastliðnum.

Mestur er stuðningurinn við sölu Símans í aldurshópnum 25 til 34 ára en andstaðan er mest í elsta aldurshópnum, 55 til 75 ára. Þá er andstaðan mest utan höfuðborgarsvæðisins, 54 prósent, en yfir helmingur íbúa í nágrenni Reykjavíkur styður sölna.

Þá eru kjósendur Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar miklir stuðningsmenn einkavæðingar Símans á meðan meirihluti stuðningsmanna Framsóknarflokksins og Vinstri - grænna er henni andvígur.

Símíni í hnotskurn

Staðan í árslok 2004:

Starfsmenn (ársverk)	1.199
Meðalloun	317 þúsund kr.
Hagnaður	3,1 milljarðar kr.
Heildareignir	28,6 milljarðar kr.
Eigið fé	17 milljarðar kr.
Langtímaskuldir	6,7 milljarðar kr.

Hlutafé	7 milljarðar kr.
Skráðir hluthafar	1.255
Hlutur ríkissjóðs	98,8% hlutafjár
Aðrir hluthafar	1,2% hlutafjár



BERTRAND KAN „Það er mjög erfitt að segja að ein leið sé betri en önnur.“

Viðfangsefnin þau sömu á Íslandi

Á Íslandi eru markaðsaðstæður fjarskiptafyrirtækja ekki mikið frábregðar aðstæður í öðrum löndum, nema hvað markaðurinn hér á landi er minni að mati Bertrands Kan, sem ráðleggur einkavæðingarnefnd við sölu Símans fyrir hönd Morgan Stanley. „Það eru sömu viðfangsefnin sem koma upp hér og annars staðar.“

Hann segir fjarskiptamarkaðinn í Evrópu hafa færst undanfarin ár í frjálsræðisátt og flest lönd kosið að einkavæða ríkisfyrirtækin þótt áherslur séu mismunandi. Morgan Stanley hefur meðal annars komið að sambærilegum verkefnum við sölu á Belgacom, China Telecom, France Telecom og Telecom Italia.

Bertrand segir hægt að fara mismunandi leiðir við að selja fjarskiptafyrirtæki í ríkiseigu. Aðspurður um hvort skynsamlegt sé að takmarka eignarhald hvers aðila við 45 prósent, eins og gert sé við sölu Símans, segir hann enga eina leið réttara en aðra.

„Það er mjög erfitt að segja að ein leið sé betri en önnur. Þetta er skýrt skilyrði í þessu samhengi og svipað hefur verið gert í öðrum löndum. Það er þó mjög mismunandi,“ segir Bertrand. Fyrir tveimur vikum hafi til dæmis stjórnvöld í Tékklandi selt 51 prósent hlut sinn í Cesky Telecom til eins aðila en þeir voru um hituna.

Hann vill ekki tilgreina verðmat Símans og segir það ráðast á markaðinum. Spurður um framtíðarhorfur fjarskiptafyrirtækja segir hann markaðinn ekki stækka hratt. Tekjumöguleikar séu vissulega að skapast en um leið lækki verð.



GUNNLAUGUR JÓNSSON FJÁRMÁLARÁÐGJAFI Söluferli Símans á að vera gegnsætt og hlutlaust.

Keppi eingöngu á grundvelli verðs

„Ég hef verið að vinna með fjárfestum að þessu verkefni nokkuð lengi. Ég tel mig vita að þeir vilji að söluferli Símans sé gegnsætt og hlutlaust. Besta leiðin til þess er að skilgreina fyrst þau skilyrði sem væntanlegir kaupendur Símans þurfa að uppfylla áður en þeir gera tilboð í allan eignarhlut ríkisins. Það eru meðal annars atriði eins og framtíðarsýn Símans, fjárhagslegur styrkur og reynsla af rekstri. Þegar það er ljóst keppa fjárfestar, sem uppfylla þessi skilyrði, um Símann á grundvelli verðs eingöngu,“ segir Gunnlaugur Jónsson, fjármálaráðgjafi GJ fjármálaráðgjafar, sem hefur verið að undirbúa tilboð í Símann fyrir hönd hóps fjárfesta.

Með þessu fyrirkomulagi er algjörlega hafið yfir allan vafa að mati Gunnlaugs að ríkið ætli ekki einhverjum einum aðila að kaupa Símann á lágu verði. Það skipti máli fyrir fjárfesta og ekki síður fyrir ferlið sjálft. Þá komi ekki upp ásakanir eftir á um að verði sé að hygla einum hópi á kostnað annars. Það sé til nóg af fólki sem vilji halda því fram sjái það tækifæri til þess. Þetta sé því líka mikilvægt fyrir ríkisstjórnina.

„Þá getur eigandinn gert það sem hann vill.“

Jón Sveinsson formaður einkavæðingarnefndar

ur og ók sta n átti yfir lok Ekki fékkst samþykkt að skrá Símann á aðallista Verðbréfaþingsins þar sem ekki gekk eftir að selja minnst 15 prósent hlutafjár í viðbót. Var fyrirtækið því skráð á tilboðsmarkað 8. október.

Einkavæðingarnefnd fór yfir tilboðin í samráði við ráðgjafa nefndarinnar. Á grundvelli þeirra var ákveðið 21. desember að ganga til viðræðna við TeleDanmark (TDC). Áttu viðræður að hefjast í janúar.

Fréttablaðið greinir frá því að ekkert verður af sölu Landssíma Íslands og er formlegt söluferli stoppað. Lýst er yfir að enn sé stefnt að einkavæðingu fyrirtækisins.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu ákveður 9. nóvember að ganga til viðræðna við Morgan Stanley í London um ráðgjöf við fyrirhugaða sölu á hlutabréfum ríkisins í Símanum. 23. desember er samningur þess efnis undirritaður.

Ráðherra nefnd um einkavæðingu samþykkir tillögu einkavæðingarnefndar um söluferli Símans 4. apríl. Forsætisráðherra kynni málið á Alþingi og Síminn auglýstur til sölu í fjölmiðlum daginn eftir. Áhugasömum gert að skila inn óbindandi tilboðum fyrir 6. maí.

ings og starfsmanna og tilboðs-september gekk ekki eins og Kaupendur höfðu skráð sig fyrir í félaginu.

2001 Frestur til að skila inn bindandi tilboðum í 25 prósent hlut og heimild til að kaupa 10 prósent árið eftir rann út 7. desember. Tvö tilboð bárust; frá TeleDanmark í Danmörku og bandaríska fjárfestingasjóðinum Providence.

2002 Fyrsti viðræðufundur við TDC fór fram í London 8. og 9. janúar. Í lok fundarinnar var ljóst að nokkuð bæri á milli í verði þegar tillit var tekið til þeirra atriða sem sett voru fram í tilboði TDC.

2003 Í stefnuýrlynging ríkisstjórnarinnar eftir kosningar í maí er kveðið á um að fylgt verði eftir heimild Alþingis um sölu á hlut ríkisins í Símanum. Einkavæðingarnefnd hefur undirbúning að nýju söluferli á hlut ríkisins.

2005 Geir H. Haarde, fjármálaráðherra, veitir einkavæðingarnefnd þann 21. mars umboð til að annast sölu á Símanum. Áður hafði fjármálaráðherra veitt nefndinni umboð til að hefja undirbúning sölnunnar.

Linux og Windows:

Jafnræði

Stjórnendur fyrirtækja telja að kostnaðurinn við að reka tölvukerfi á Linux-grunni sé áþekkur eins og að reka hann á Windows-grunni.

Windows og Linux eru bæði stýrikerfi í tölvur en Linux er dreift ókeypis á netinu og geta tölvugrúskarar leikið sér að vild í forritunarkóðanum og gefið öðrum notendum kost á að nýta vinnu sína.

Könnunin leiðir í ljós að 88 prósent telja að Windows-kerfi séu annað hvort jafn traust eða traustari í rekstri en Linux-kerfin. Hins vegar er Linux talið öruggara. Á skalanum einn til tíu fékk Linux að meðaltali 8,3 í ein-kunn en Windows fékk 7,6. - þk



ANGELINA JOLIE Höfundar tölvuveira vita að margir hafa áhuga á að kynnst henni betur.

Tölvuveira
spilar á forvitni:

Ekki myndir af Jolie og Pitt

Mörgum kann að þykja spennandi að sjá myndir af leikurunum Brad Pitt og Angelinu Jolie í ástarleikjum. Þeir sem fá tölvupóst með slíku viðhengi ættu þrátt fyrir forvitni sína ekki að opna.

Sögusagnir um að leynilegt samband þeirra hafi splundrað hjónabandi Pitts og Jennifer Aniston hafa gengið fjöllumum hærra upp á síðkastið og vírushönnuðir hafa ekki látið það tækifæri fram hjá sér fara.

Nú gengur sem eldur í sinu póstur þar sem boðið er upp á sýningu á sjóðheitum myndum af leynilegum ástarfundum Jolie og Pitts en þeir sem opna skjalið eiga yfir höfði sér að netormur leysist úr læðingi, eyðileggi allan öryggisbúnað á netinu og geri áráð á einn af vefþjónum Microsoft. - þk

Von fyrir blinda

Vísindamenn í Bandaríkjunum telja að innan fárra ára verði hægt að bjóða sjónþöprum og blindum von til þess að fá sjónina á ný. Tilraunir með tölvubúnað sem sendir rafboð til heilans hafa gefið góða raun.

Búið er að hanna frumgerð gerviaugna í tveimur háskólum í Bandaríkjunum. Hugmyndin er sú að örva taugafrumur í augnum til að senda boð til heilans. Til þess verði notuð örsnám myndavél áfest gleraugum, sem sendir myndirnar í tölvu og þaðan í skjá sem sendir innrauð boð inn í augað. Með því að græða móttakara fyrir skilaboðin í augnbótinum er hægt að fá heilann til að lesa úr hinum sjónrænu skilaboðum.

Eins og sakir standa er langt í að blindir geti fengið fulla sjón með þessari tækni en framfarirnar eru hraðar og stórstígar.

Styttist í sjónvarp í gegnum netið

Höfundarréttarmál hafa staðið þróun netsjónvarps fyrir þrifum. Nú kann að verða breyting þar á. Markaðsstjóri Hive bindur vonir við að þróunin verði hröð á næstu misserum, þar sem Bandaríkin verði í forystu um að ryðja hindrunum úr vegi.

Pórlindur Kjartansson
skrifar

Netfyrirtækið Yahoo stefnir að því að stórkrafa framboð sjónvarpsefnis og bíómynda í gegnum netið. Þetta telja forsvarsmenn fyrirtækisins geta gengið nú þegar mjög stór hluti notenda netsins býr yfir mjög góðum nettengingum.

Þetta kann að ryðja brautina fyrir þann möguleika að einstaklingar stórbreyti neysluvenjum sínum hvað fjölmiðla og afþreyingu varðar og í stað þess að sjónvarpsdagskrá stjórna áhorfendum þá muni áhorfendur stjórna sjónvarpsdagskránni.

Íslenska fyrirtækið Hive býður upp á hraðar nettengingar og gjaldfrjálst niðurhal gagna. Ein meginhugmyndin á bak við þjónustuna er að notendur muni þurfa sífellt hraðari tengingar, meðal annars vegna þess að hljóð og mynd verði í auknum mæli sendi í gegnum netið.

„Eina ástæða þess að ekki er nú þegar boðið upp á bíómyndir í gegnum netið eru höfundarréttarmál. Tæknin til þess að gera það er til staðar og hefur í rauninni verið til staðar í þó nokkurn tíma. Hive er fyrsta fyrirtækið á Íslandi sem býður upp á nægilega mikla bandvidd til þess að hægt sé að horfa á sjónvarp í fullum gæðum,“ segir Þorsteinn Baldur Friðriksson, markaðsstjóri Hive.

Hann segir að lengi hafi verið beðið eftir því að kvikmyndaverin í Hollywood og aðrir framleiðendur vinsæls efnis féllust á þessa dreifingarleið en hingað til hafi óttinn við ólöglega fjölföldun efnis staðið framþróuninni fyrir þrifum.

Hann telur hins vegar að ef stórt fyrirtæki á borð við Yahoo leggi þunga í samningaviðræður við höfundaréttahafa geti það skilað ár-

„Eina ástæða þess að ekki er nú þegar boðið upp á bíómyndir í gegnum netið eru höfundarréttarmál. Tæknin til þess að gera það er til staðar og hefur í rauninni verið til staðar í þó nokkurn tíma.“



DAGSKRÁRSTJÓRI Á HVERJU HEIMILI Nú þegar býður tæknin upp á þann möguleika að fólk velji sjálf þætti og bíómyndir sem það fær sent í gegnum netið. Höfundarréttarmál hafa hins vegar staðið í veginum. Á því kann að verða breyting innan skamms.

angri. „Bandaríkin eru yfirleitt fyrst í svona málum og önnur svæði fylgja þar á eftir,“ segir hann. Nú þegar býður Hive upp á útsendingar á Popp-Tívi og flestum íslensku útvarpsstöðvunum. Þorsteinn Baldur segir að Hive muni bjóða upp á fleiri sjónvarpsstöðvar fyrir notendur í nánustu framtíð.

Gera má ráð fyrir að netnotendur geti í framtíðinni fengið aðgang að mun fjölbreyttara efni en þeir fá nú til dæmis í gegnum Fjölvarpið og Breiðband Símans. Til dæmis er líklegt að íþróttaaðdáendur geti keypt aðgang að beinum útsendingum í gegnum netið og þannig valið úr margfalt fleiri viðburðum en nú stendur til boða. Þá má gera ráð fyrir því að hefðbundnar vídeóleigur leggist smám

saman af, þar sem hægt verði að panta myndir til leigu í gegnum netið og velja úr mun meira úrvali án þess að eiga á hættu að „spólan“ sé úti. Því til viðbótar losnar fólk vitaskuld við að skila spólunni. Nú þegar eru merki þessi í Bandaríkjunum að umhverfið sé að breytast, þar sem menn gerast áskrifendur að þjónustu og geta haft spólur að láni eins lengi og þeim sýnist og skilað þeim í næsta póstkassa.

Hefðbundnir fjölmiðlar, sem bjóða upp á fasta dagskrá, gætu átt undir högg að sækja. Hér á landi færast það sífellt í aukana að horft sé á fréttatengt efni í gegnum netið en bæði RÚV og Stöð 2 bjóða upp á fréttaupptökur á vefsíðum sínum.

Fríverslun hentaði ekki Neanderdalsmanninum

Nútímamaðurinn vann vegna hæfileika til viðskipta og sérhæfingar.

Pórlindur Kjartansson
skrifar

Lengi hefur verið deilt um það hvernig staðið hafi á því að Neanderdalsmaðurinn dó út fyrir um þrjátíu þúsund árum. Nú hefur sú kenning komið fram að ástæðan hafi verið sú að Neanderdalsmenn hafi verið lélegir kaupmenn.

Neanderdalsmenn voru miklu fyrri til að setjast að í Evrópu heldur en nútímamaðurinn og hafa mannfræðingar lengi vöngum yfir því af hverju stofn þeirra dó út smám saman. Talið er að nútímamenn og Neanderdalsmenn hafi um langa hrifð átt vinsamleg samskipti og jafnvel er talið að einstaklingar sinn

af hvorri tegundinni hafi átt afkvæmi saman.

Neanderdalsmenn eru taldir hafa lifað góðu lífi í um 260 þúsund ár áður en þeir skyndilega dóu út. Mannfræðingar eru engin veginn sammála um hvað olli en ný kenning lítur til hagfræðinnar til að skýra ráðgátuna.

Í tímaritinu New Scientist segir frá rannsókn hagfræðingsins Jasons Shogren sem útbúið hefur tölvulíkon þar sem reynt er að endurhanna atburðarásina sem varð til þess að Neanderdalsmenn dóu út í Evrópu. Niðurstaða hagfræðingsins er sú að líkleg skýring sé sú að nútímamaðurinn hafi haft miklu meiri getu til að stunda verslun og sérhæfa sig.

Vísendingar eru uppi um að



SKILDI EKKI BISSNESS Ný kenning segir að Neanderthalsmenn hafi dáið út af því þeir voru lélegir kaupmenn.

nútímamenn fyrir fjórtíu þúsund árum hafi skipst á dýrmætum vörum og komið sér upp dreifileiðum sem náðu yfir stór landflæmi í Evrópu.

Hundrað dala fartölvur

Vísindamenn við MIT háskóla í Bandaríkjunum vinna að því að hanna fartölvu sem hægt sé að framleiða fyrir minna en hundrað dali – um sex þúsund krónur.

Hugmyndin er að þannig verði hægt að gera börnum og ungmennum í fátækustu ríkjum heims færi á að eignast tölvur sem geti aðstoðað þau við lærdóm og til lengri tíma gert þegna fátækari ríka færa til að taka þátt í nútímahagkerfinu.

Vísindamennirnir segja að með því að útbúa ódýra gerð af fartölvu muni kostnaður við menntun í fátæku löndunum hrífalla því ódýrara verði að láta hvern nemandu fá fartölvu heldur en að þurfa að sjá þeim fyrir námsbókum alla skólagönguna. - þk



Fréttablaði/E.O.I.

Svifaseinir embættismenn

Voru sjö ár að skrifa skýrslu um Internetið fyrir Bandaríkjaþing.

Bandaríska ríkisstjórnin var framsýn árið 1998 og setti á fót lærða nefnd til að meta áhrif þess. Nú er búið að skila skýrslunni og – viti menn: Netið er komið til að vera.

Endanleg skýrsla var 238 blaðsíður en höfundarnir viðurkenna að líklega hafi fáir beðið spenntir. Skýrslunni var ætlað að spá fyrir um fjölgun netnotenda en á meðan skýrslan var unnin af embættismönnum samviskusömu hefur fjöldi heimasíðna á netinu þrjátíufaldast.

Þingmaðurinn sem pantaði skýrsluna á sínum tíma segir að á sínum tíma hafi skýrslan þótt mikilvæg en nú skipti þetta engu máli. Í skýrslunni er hins vegar að finna nokkrar hugmyndir um endurbætur í netheiminum. Til dæmis vilja höfundarnir að fleiri rótarlén verði útbúið árlega (eins og .is, .com og svo framvegis) og þeir hafa áhyggjur af því að flestar mikilvægustu miðstöðvar umferðar á netinu séu staðsettar á fáum stöðum. Þetta gæti orðið vandamál ef náttúruhamfarir ríða yfir. - þk



ÞINGHÚSIÐ Í WASHINGTON Þingmenn vildu kynna sér Internetið fyrir sjö árum og hafa nú fengið skýrslu um fyrirbærið.

SKAMMTÍMASJÓÐUR

10,5%*

Góður kostur fyrir þá sem vilja áhættulitla fjárfestingu og verja sig gegn verðbólgu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi eftir 30 daga. Innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Nafnávöxtun sl. 12 mánuði m.v. 31.03.2005

Skammtímasjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings Búnaðarbanka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útböðslýsingu eða útdrætti úr útböðslýsingu sjóðsins í útbúum KB banka eða á www.kbbanki.is.



Vodafone Eurocall: Sparnaður fyrir lengra komna!

Með því að skrá þig í **Vodafone Eurocall** talar þú á allt að 47% lægra verði þegar þú ferðast í Evrópu. Þjónustan er án aukagjalds.

Við skiptum Evrópu í tvö einföld verðsvæði, þannig að þú vitir alltaf á hvaða verði þú hringir.

Verðsvæði A ■

Verðsvæði B ■

Upphafsgjald 0,1 €

Upphafsgjald 0,1 €

VODAFONE NET

ÖNNUR NET

0,88 € á mín

1,00 € á mín

VODAFONE NET

ÖNNUR NET

1,55 € á mín

1,77 € á mín

Skráðu þig í **Vodafone Eurocall** með því að senda SMS skilaboðin **Eurocall** í síma 1900.



Komdu í **Og Vodafone** verslun, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.

Heyrumst!



Ekki setja gemsann í vasann

Karlmenn sem hafa hug á því að eignast börn ættu sennilega að geyma GSM-símama sína einhvers staðar annars staðar en í gallabuxnavösum. Nýjar rannsóknir benda nefnilega til þess að rafmagnsbylgjur frá farsímum kunni að draga úr frjósemi.

Tveir prófessorar við háskólann í Newcastle gerðu tilraun á rottum og beindu á þær rafsegulbylgjum svipuðum þeim sem GSM-símar gefa frá sér. Í ljós kom að sáðfrumur dýranna báru mikinn skaða af.

John Aitken, annar þeirra sem gerðu tilraunina, segir á heimasíðu skólans að of snemmt sé að draga endanlegar ályktanir um áhrif GSM-síma á gæði sæðis. - þk

Umhverfisvæn upplýsingatækni: Ráðstefna á Grand Hótel þriðjudaginn 12. apríl kl. 13.00

ÁVINNINGUR EÐA TÍMASÓUN?

Yfirskrift ráðstefnunnar er „**Umhverfisvæn upplýsingatækni: Ávinningur eða tímasóun?**“ og munu innlendir og erlendir sérfræðingar fjalla um þetta áhugaverða efni frá mismunandi sjónarhornum. Áætlað er að ráðstefnunni ljúki kl. 16:00. Að ráðstefnu lokinni verður boðið upp á léttar veitingar og sýningu á vörulínu Fujitsu Siemens, allt frá lófátölvum upp í netþjóna sem stillt verður upp við ráðstefnusalinn. Þar verður einnig kynnt vinna vishópa Tæknivals en starfsmenn hafa undanfarnar vikur verið að vinna að fjölbreyttum verkefnum í tengslum við umhverfismál.

Dagskrá:

- Ávarp - Magnús Jóhannesson, ráðuneyttisstjóri Umhverfissráðuneytisins
- Ávarp - Sigrún Guðjónsdóttir, forstjóri Tæknivals
- Hringrás náttúrunnar og sjálfbær þróun - Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar
- Vistvæn innkaup - Finnur Sveinsson, umhverfisráðgjafi
- Svanurinn sem markaðstæki - Sigrún Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun
- The Green PC - Anders Tryka, Partner Manager Fujitsu Siemens Danmörku
- Fujitsu Siemens - An environmental vendor - Lars Wörzner, forstjóri Fujitsu Siemens Danmörku
- Umhverfisstarf Tæknivals - Finnur Sveinsson, umhverfisráðgjafi
- Vistvæn áhersla í vörulínu Tæknivals - Tindur Hafsteinnsson, sölustjóri Tæknivals

Ekkert þáttökugjald en nauðsynlegt er að skrá sig í síma 550 4000 eða með tölvupósti á netfangið sala@taeknival.is

FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS

Tæknival



FM 90,9



Talstöðin
FM 90,9

ÞÚ HEYRIR
ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.



Ostabalaki



Ljósreytt ostakaka



Gimberjaostakaka



Ljósreytt ostakaka

*Njóttu þess
að vera gestur í eigin veislu*



Óvætur þinnamatur



Engisprettuostakaka

Það er gaman að geta notið veislunnar án þess að hafa áhyggjur af nokkrum hlut. Þú hefur nægan tíma til að búa þig, leggja á borð og komast í veisluskap.



Reykjavíkurostakaka



VEISLUPJÓNUSTA
OSTA- OG SMJÖRSÖLUNNAR
WWW.OSTUR.IS • SÍMI 569 1600

Perlan

Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.

Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.

Nýr A la Carte



Nýr og glæsilegur A la Carte sedill hófst 14. mars.

Matreiðslumeistarar Perlunnar taka sjálfum sér fram ár hvert og verða betri og betri! Leyfið huganum að bera ykkur hálfá leið og lítið yfir matseðilinn á vef Perlunnar, perlan.is. Svo er um að gera að panta borð með góðum fyrirvara.

Hægt er að panta í síma 562 0200 og með tölvupósti til perlan@perlan.is.

Kaffi Perlan Hagstæður hádegisverður

Njótið hádegisverðar á hagstæðu verði á fjórðu hæð Perlunnar. Frábær salatbar, súpubar, smurt brauð, samlokur, crêpes, pizzur og burrito. **Besta purusteik bæjarins** og kjötbollur alla virka daga. Einnig kökur tertur og heimalagaður ítalskur ís.

Hinn árlegi plötumarkaður í Perlunni hefst 18. mars og stendur yfir til 3. apríl.

Næg ókeypis bílastæði.



Mörkun – miklu meira en vörumerki

Áhrifakonur í atvinnulífinu hittust á hádegisverðarfundum hjá Símanum þar sem ný hugmyndafræði, sem Síminn hefur innleitt á síðustu árum, var kynnt. Þessi nýja hugmyndafræði kallast mörkun eða branding á ensku.

Mörkun felst í því að setja þarfir viðskiptavinarins í fyrsta sæti og laga fyrirtækið algjörlega að þörfum hans.

Ferlið hjá Símanum hófst á samstarfi við ráðgjafafyrirtækið Young & Rubicam þar sem undirbúningurinn fór fram og í framhaldinu var ráðist í mótun og innleiðingu stefnu, markmiða, grunnilda og þjónustuloforða.

Sue Mizera, framkvæmdastjóri Young & Rubicam, og Susan Fournier, MBA prófessor við Tuck School of Business í Dartmouth, kynntu í hverju mörkun felst og hvernig staðið var að innleiðingu hennar hjá Símanum.

Vörumerki eru talin verðmætasta eign hvers fyrirtækis og nefndi Susan að til dæmis kók væri miklu meira en brúnn gosdrykkur og McDonalds væri miklu meira en hamborgarastaður. Upplifunin væri

það sem viðskiptavinurinn væri að sækjast eftir og ánægjan við að neyta vörunnar. Þess vegna var slagorð á borð við „Síminn auðgar lífið“ valið vegna þess að félagið hefur ákveðið að stefna að því að auðga líf viðskiptavina sinna.

Erlendis standa fyrirtæki öflugan vörð um vörumerki sitt og eyða miklum fjármunum í að viðhalda og styrkja ímynd þeirra. Síminn hefur farið sömu leið og hefur lagt kapp á það með skipulagðri mörkun. Vörumerki fyrirtækisins snýr einnig að innviðum þess og uppbyggingu en ekki bara einhverju sýnilegu út á við.

Á fundinum kom fram að innleiðing mörkunar eykur virði fyrirtækja. Erfitt er þó að drepa fingri á hversu miklu máli innleiðing mörkunar skiptir fyrirtækin, því að árangurinn er hvorki mælanlegur né áþreifanlegur. - dh



SETIÐ AÐ SNÆÐINGI Fjölmennt var á hádegisverðarfundum Símans fyrir áhrifakonur í atvinnulífinu.



HÁDEGISVERÐARFUNDUR ÁHRIFAKVENNA Í ATVINNULÍFINU Rannveig Rist, stjórnarformaður Símans, Sue Mizera, framkvæmdastjóri Young & Rubicam, Susan Fournier, prófessor við Dartmouth háskóla, Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, og Katrín Olga Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri markaðssviðs Símans.



KÁTAR KONUR Guðný Hansdóttir, starfsmannastjóri hjá Air Atlanta, og Gerður Ríkharðsdóttir, framkvæmdastjóri Útilífs.



HLUSTAÐ MEÐ ATHYGLI Petrea Guðmundsdóttir, starfsmaður Símans, og Hafdís Jónsdóttir í World Class.

Atvinnuhúsnæði til leigu



Efstaland 26, Grímsbær
Skrifstofuhúsnæði á 2. hæð - 350 til 700 m²



Þönglabakki 1
Vörugæmsla í kjallara - 1.300 m²



Laugavegur 26
Skrifstofuhúsnæði á 4. hæð - 400 m²



Reykjavíkurvegur 72, Hafnarfj.
Verzlun á 1. hæð - 1.850 m²

FASTEIGNAFÉLAGIÐ  STODIR HF.

Kringlunni 4 - 12 103 Reykjavík Sími 575-9000



SUE MIZERA Persóna fyrirtækja er vanmetin að mati Sue Mizera, framkvæmdastjóra Young & Rubicam.

Fyrirtækjum líkt við fólk:

Heilsa Símans er fín og skapið líka

Fyrirtækjum er líkt við persónur til að einfalda markmið fyrirtækja og til að gera fyrirtækjamenningu áþreifanlegri. Persóna fyrirtækja er vanmetin að mati Sue Mizera, sem flutti erindi um mörkun á vegum Símans. Einn af þáttunum við að útvíkka mörkun er persónuleiki fyrirtækis en mörkun snýst ekki bara um vörumerki heldur þætti á borð við persónuleika fyrirtækis. Fólk á auðveldara með að nálgast fyrirtækjameninguna ef það lítur á fyrirtæki sem persónu frekar en stofnun.

Persónuleiki Símans er skilgreindur á eftirfarandi hátt: „Síminn er fersk, kröftug og áreiðanleg fjölskyldumanneskja sem hefur tileinkað sér nútímallega afstöðu til lífsins. Heilsan er fín og skapið líka. Hann sinnir samfélagsmálum, nýtur virðingar, álit og er fyrirmynda annarra. Viðkomandi ferðast víða og fylgist grannt með heimsmálum, dægurmálum og tækninýjungum. Er notalegur og skemmtilegur félagi. Á auðvelt með að tjá sig og umgangast aðra og lætur sér annt um samferðamenn sína.“


Sue bendir á að mannráðningar verði einfaldari eftir að búið er að skilgreina persónu fyrirtækis vegna þess að þá sjá bæði umsækjendur hvernig fyrirtækið er og fyrirtækið á auðveldara með að sjá hvernig starfsfólk hentar best að hafa í vinnu. - dh

Hennes & Mauritz sækir fram

Hennes & Mauritz hagnaðist vel á fyrstu þremur mánuðum ársins og salan í apríl fer vel af stað. Hennes & Mauritz er stærsta tiskuvörukeðja í Evrópu og hún hefur vaxið ótrúlega hratt á síðustu árum og eru búðir keðjunnar núna yfir eitt þúsund í 21 landi. Félagið stefnir að því að opna 155 nýjar verslanir á þessu ári. Lágt gengi dollars hefur átt þátt í að auka hagnað fyrirtækisins en einnig þurftu verslanirnar sjaldnar að lækka verð. Hennes & Mauritz opnaði fyrstu verslunina í Bandaríkjunum árið 2000 en það var ekki fyrr en á síðasta ári sem þeim tókst að hagnast þar í landi. - dh



PÖTULIÐ Í PALLBORÐI Samtök atvinnulífsins munu fá til liðs við sig mikla þungavigtarmenn í atvinnulífinu á aðalfundinum 3. maí. Hefð er fyrir því að auk formanns samtakanna ávarpi forsætisráðherra fundinn. Að ávörpum loknum mun hópur valinkunnra sitja pallborðið og ræða áherslur atvinnulífsins og framtíðarsýn Íslendinga á þeim vettvangi. Pallborðið er vel skipað, en þar sitja: Ármann Þorvaldsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar KB banka, Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis, Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri FL Group, og Svafa Grönfeldt, framkvæmdastjóri stjórnunar-sviðs Actavis. Páll Magnússon, fréttastjóri Stöðvar 2, mun stýra umræðunum.



Eitthvað alveg einstakt

Öll viljum við fá ólíka hluti út úr lífinu. Nýja BMW 1 línan er hönnuð fyrir þá sem leggja áherslu á frelsi sitt sem einstaklingar. Hönnunin sker sig úr á öllum sviðum, jafnt að utan sem að innan. Í tæknilegu tilliti er 1 línan, líkt öðrum línunum frá BMW, í sérflokki og aksturseiginleikar eru framúrskarandi sem þakka má m.a. jafnri 50:50 þyngdardreifingu. Þá er úrval aukahluta og aukabúnaðar afar breitt, svo að persónulegi stillinn þinn fái notið sín. Aldrei áður hefur verið jafn einfalt að fá sér einstakan bíl.

BMW 1 lína frá kr. 2.340.000



Gerð	Vél	Hestöfl	Verð
116i	1,6	115	2.340.000
118i	2,0	129	2.530.000
120i	2,0	150	2.730.000
118d	2,0	122	2.610.000
120d	2,0	163	2.820.000

1 línan staðalbúnaður m.a.
DSC stöðugleikastýring
DTC spyrnstýring
ABS afhlæmlar með CBC og DBC
Aksturstölva
ipod tengi
Starthnappur
5 eða 6 girar
Runflat öryggisdekk



Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 sími 575 1200 www.bl.is

Bíl á mynd: 116i, Metallik lakk, samhlíf hurahútar, ljafteigjanari, Xenon ljós, 17" alufgur

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Heildarlausnir

Frá hugmynd
að fullunnu verki



HÉÐINN

Stórárs 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.heddinn.is



Hönnun: Gísli B.



GLÆSILEGIR WHIRLPOOL KÆLISKÁPAR

Kámfriir stálskápar

60 sm breiðir

70 sm breiðir

90 sm Amerískir



Heimilistæki

SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

Kynntu þér málin í verslun okkar eða á vefsvæðinu www.ht.is

BANKA HÓLFID

Áfangi á hlutabréfa- markaði

Verðbréfamiðlarar hljóta að vera ánægðir með stöðuna á markaði enda er alltaf létt yfir þátttakendum á markaði þegar sögulegir múrar eru rofnir. Stundum virðist sem keppnisskap hlaupi í verðbréfamiðlara, fjölmiðlafólk og fjárfesta þegar slíkir áfangar eru í auglýsingu. Um vorið 2000 biðu margir spennir eftir því að Nasdaq markaðurinn færi yfir fimm þúsund stig og vantaði aðeins herslumun á að það tækist. Þá reið hins vegar áfallið yfir og Nasdaq hrundi á eftirminnilegan hátt. Nú dettur engum í hug að bíða eftir að Nasdaq rjúfi fimmþúsund stiga múrinn enda á vísitalan í mesta basli við að halda sér í kringum tvö þúsund stigin.



Endurskoða spá Greiningardeild Íslandsbanka sá sitt óvænna eftir að markaðurinn hafði uppfyllt hækkunarpá þeirra í upphafi árs strax á fyrsta fjórðungi. Bankinn endurskoðaði spá sína um hækkun hlutabréfa og spáir nú 25 til 30 prósent hækkun úrvalsvisítölnunnar á árinu. Fjárfestar kunnu vel að meta þess endurskoðuðu spá Íslandsbanka og tóku höndum saman um að stefna að því að árs spáin muni rætast áður en nýhafinn ársfjórðungur verður úti.

Algjör sveppur

Þeir sem eru áhugasamir um samkeppnislög hafa sumir hverjir furðað sig á þeirri sérstæðu undanþágu sem þar er til staðar um landbúnaðarframleiðslu. Hér á landi er einn framleiðandi með næstum því hundrad prósent markaðshlutdeild. Þetta eru hinir landsfrægu Flúðasveppir en orðrómur er uppi um að eigandi Flúðasveppa, Ragnar Kristjánsson, sé að skoða kauptilboð í fyrirtæki sitt. Ekkert hefur þó fengist staðfest enn sem komið er en orðrómurinn er sterkur.



4.000 Úrvalsvisítalan fór yfir 4.000 stiga múrinn í fyrsta skipti á miðvikudaginn

1 Einn hópur kjölfestufjárfesta fær að kaupa um 99 prósent hlutfjár ríkisins í Landssímanum

0,01% Eignarhlutur Burðaráss í sænska fjarskiptafélaginu Ericsson.



Landsbankinn fækkar um 100 net jóna á sex mánuðum

BETRI TÖLVULAUSNIR

IBM net jónar og VMware auka hagræðingu og sveigjanleika

Landsbanka Íslands tókst með IBM eServer xSeries netþjónum og VMware hugbúnaði að fækka um 100 netþjóna í starfsemi bankans á sex mánaða tímabili.

Mikil einföldun í rekstrarumhverfi

Ástæða þessarar miklu hagræðingar og einföldunar í rekstrarumhverfi er meðal annars sameining á netþjónum en VMware gerir Landsbankanum t.a.m. kleift að flytja sýndarvélar í fullri vinnslu á milli netþjóna án þess að þjónusta við tengda notendur rofni. Þannig er t.d. hægt að færa alla starfsemi af einum þjóni yfir á annan þegar þarf að stækka eða viðhalda án þjónusturofs. Þá er með skjótum hætti hægt að búa til sýndarnetþjóna með því að afrita nokkrar skrár en slíkt er ómetanlegt fyrir þróunar-, prófunar- og kennsluumhverfi.

„On Demand“ – Bætt við afli eftir þörfum

xSeries 445 netþjónar, oft kallaðir „brick“ eða „múrsteinar“, eru afar sveigjanlegir þar sem þeir gera fyrirtækjum kleift að bæta við afli eftir þörfum með einföldum hætti. Auk þess bjóða þeir upp á mikil afköst og rekstraröryggi vegna nýtingar tækni úr stórtölvuumhverfi IBM. Samkvæmt Gartner Group geta xSeries netþjónar verið allt að 70% hagkvæmari í rekstri en netþjónar frá samkeppnisaðilum.

Byltingarkenndur hugbúnaður fyrir Intel netþjóna

VMware er byltingarkenndur hugbúnaður fyrir Intel netþjóna sem býr til sýndarvélar og gerir mögulegt að flytja Intel netþjóna á milli véla án þess að vinnsla stöðvist. Hugbúnaðurinn er notaður jafnt fyrir smátölvur sem stærstu netþjóna en markmiðið er að lágmarka heildarkostnað við tölvureksturinn og hámarka umsjónarmöguleika, sveigjanleika og hagkvæmni.



Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Nýherja sem bjóða þér faglega ráðgjöf við val á réttu lausninni.

Síminn er 569 7700 og netfangið er tolvulausnir@nyherji.is



NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

LÝSING

Lýsing hf.
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500
Fax 540 1505
www.lysing.is



Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Félag eldri borgara á Suðurnesjum

Aðalfundur félagsins verður haldinn laugardaginn 16. apríl kl. 14.00 í Selinu Vallarbraut 4, Reykjanesbæ.

Stjórn FEB Suðurnesjum.



Aðalfundur kjördæmisráðs Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi

Aðalfundur kjördæmisráðs verður á Hótel Öldunni Seyðisfirði laugardaginn 23. apríl nk. og hefst kl. 14.00. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Sérstakt þema fundarins verður atvinnu- og byggðamál. Flokksmönnum er bent á að hafa samband við formenn aðildarfélaga vilji þeir vera fulltrúar félaga sinna á fundinum.

Stjórn kjördæmisráðs

Félagsfundur

Félagsfundur verður haldinn í Kiwanishúsinu við Engjateig þriðjudaginn 12. apríl og hefst hann kl. 18.00.

Dagskrá:

1. Breytingar á reglugerðum sjúkrasjóða fyrir aðalfund 2005
2. Breytingar á reglugerð Fræðslusjóðs fyrir aðalfund 2005
3. Önnur mál.

Félagar! Mætið vel og stundvíslega

Stjórn
Eflingar – stéttarfélags



Stendur með þér!



Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Borgartún 23, 29, 31 og 33.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Borgartún 23, 29, 31 og 33.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að gerður er byggingarreitur fyrir inndregna fjórðu hæð, hámarksnýtingarhlutfalli er breytt og veitt er heimild fyrir þakgörðum og viðbyggingum á framhlið.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 8. apríl til og með 20. maí 2005. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við þær skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 20. maí 2005.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykka tillöguna.

Reykjavík, 8. apríl 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 563 2600 • MYNSENDIR 562 3219



Tillaga að sérstöku svæðisskipulagi fyrir Norðurlandsskóga

Skipulagsstofnun auglýsir hér með tillögu að sérstöku svæðisskipulagi fyrir Norðurlandsskóga samkvæmt 15. gr. skipulags- og byggingarlaga. Í skipulagstillögunni er sett fram stefna Norðurlandsskóga um skógrækt á þeirra vegum. Skilgreind er málsmeðferð við afgreiðslu umsókna og gerð skógræktaráætlauna fyrir einstakar jarðir, s.s. hvernig staðið verður að gagnaöflun og greiningu og til hverra verður leitað varðandi gögn og greiningu. Settar eru fram áherslur um útfærslu skógræktar, s.s. varðandi tegund skógræktar, trjátegundir, jarðvinnslu, áburðargjöf, náttúruvernd og minjavernd.

Skipulagstillagan liggur frammi til kynningar frá 8. apríl til 20. maí 2005 á eftirtöldum stöðum:

Skrifstofu Öxarfjarðarhrepps, Bakkagötu 10, Kópaskeri
Stjórnsýsluhúsi Húsavíkurbæjar, Ketilsbraut 7-9, Húsavík
Skrifstofu Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, Akureyri
Ráðhúsi Skagafjarðar, Skagfirðingabraut 21, Sauðárkróki
Skrifstofu Blönduósbæjar, Húnabaut 6, Blönduósi
Skrifstofu Húnaþings vestra, Klapparstíg 4, Hvammstanga
Skrifstofu Norðurlandsskóga, Gömlu gróðrastöðinni
Krókeyri, Akureyri
Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík.

Tillagan er einnig birt á heimasíðu Norðurlandsskóga www.nls.is og heimasíðu Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til 20. maí 2005. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík.

Skipulagsstofnun

LYNGVÍK

FASTEIGNASALA

Síðumúla 33, 108 Reykjavík

LAUFÁSVEGUR - MIÐBÆR



Vorum að fá í sölu mjög vel staðsetta 170 fm íbúð á tveimur hæðum í fall-egu tveggja íbúða húsi við Laufásveg. Efrihæðin skiptist í tvennar stofur, hjónaherbergi og stórt eldhús með útgengi út í bakgarð, á neðrihæð eru þrjú svefnherbergi og bað.

V. 37,5 m

Sími 588 9490 - lyngvik@lyngvik.is

Vestmannaeyjar

HÖFÐAVEGUR 18, EINBÝLISHÚS

Í góðu, rólegu hverfi. Mjög gott 217,7m² á einni og hálfri hæð með innbyggðum bílskúr. Komið er inn í flísalagða forstofu með nýrri hurð og nýjum glugga. Gengið er inn í parketlagt hol með góðum skápum. Úr holinu er gengið inn í eldhús og stóra bjarta stofu. Hvít innrétting er í eldhúsinu. Inn af eldhúsi er gott búr.



Úr holi er gengið upp nokkrar tröppur í svefnherbergisálmuna. Þar eru 4 herbergi og fallett flísalagt baðherbergi. Góðir skápar. Tvö herbergin eru með nýlögðu parketi. Húsið er að mestu nýmálað að innan. Einnig er gengið úr holinu nokkrar tröppur niður á jarðhæð. Þar er flísalagt baðherbergi með góðri sturtu. Það eru góð herbergi sem má nota fyrir lítinn rekstur, t.d. nuddstofu, snyrtistofu eða annað. Einnig er þar gengið inn í bílskúr. Úr kjallara eru tvær útihurðar, önnur frá götu, um hina er gengið út í bakgarð, þar er góð sólstofa með káminu og hitalögn og uppsteypt útgíll er við húsið. Stór og góður garður.

Verð: 13.500.000



Allar upplýsingar hjá

Lögmönnum Vestmannaeyjum
í síma 481-2978.



Mat á umhverfisáhrifum

– Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lenging Þingeyrarflugvallar og vegagerð í Dýrafirði, Ísafjarðabæ.

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 6. maí 2005.

Skipulagsstofnun



Dásamlegir dagar...

EKKERT BRUÐL

FERSK KJÚKLINGALÆRI

299 kg KR.

50% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 599kr.

HOLTA
Kjúklingalæri
FERSK

50%
afsláttur
við kassann

Gott á grillið

FROSNIR
ROÐLAUSIR
BEINLAUSIR
**Laxa
BITAR**

FROSNIR LAXABITAR

699 kg KR.

30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 999kr.

KRYDDAÐAR
**Lamba
RIFJUR** grill



KRYDDAÐAR
**Svína
RIFJUR** grill

SVÍNARIFJUR EÐA
LAMBARIFJUR Í KRYDDI

299 KÍLÓVERÐ KR.

30%
afsláttur
við kassann

99 200g KR.

Afmælishátíð
-með pomp og pragt!



40%
afsláttur
við kassann

grafinn
LAX
reyktur

norðanfiskur
REYKTUR LAX
REYKTUR/GRAFINN LAX
959 kg KR.

40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1599kr.

499 kg KR.

KRYDD
LEGNAR
**Svína
SNEIDAR** grill

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Siðmennt styður fræðslu um kristni

UMRÆÐAN
KRISTNIFRÆÐSLA



SIGURÐUR HÓLM GUNNARSSON

Guðmundur Magnússon endurtekur rangfærslu Karls Sigurbjörnssonar, biskups, gagnrýnislaust í grein undir liðnum Sjónarmið í Fréttablaðinu fyrir skömmu. Guðmundur vísar til orða biskups á þáskum þar sem hann segir: „Fámennur þrýstihópur vill rýma fræðslu um þá mikilvægu grunnstoð samfélagsins sem kristni er, út úr skólanum, í nafni mannréttinda og fjölmenningar.“

Hér er biskup augljóslega að

vísa til Siðmenntar en fer um leið algerlega rangt með stefnu félagsins. Hið rétta er að Siðmennt hefur barist gegn trúboði í opinberum grunnskólum og lagt fram þá hógværu kröfu að opinberir skólar séu reknir sem fræðslustofnanir en ekki nýttir sem vettvangur trúboðs og átrúnaðar

Þessi krafa er gerð, eins og biskup segir réttlæga, í nafni mannréttinda. Siðmennt telur að yfirvöld eigi að tryggja frelsi einstaklinga og vernda rétt þeirra til að lifa samkvæmt þeim lífsskoðunum sem þeir sjálfir kjósa. Stjórnvöld eiga að vera hlutlaus, óháð trúarbrögðum og eiga ekki að hygla ákveðnum lífsskoðunum umfram önnur. Eitt helsta baráttumál Siðmenntar er fullt trúfrelsi og umburðarlyndi

gagnvart ólíkum lífsskoðunum.

Rík ástæða er því til að leiðrétta þann útbreidda misskilning að Siðmennt sé á móti fræðslu um kristni eða önnur trúarbrögð. Siðmennt er þvert á móti þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að börn séu uppfrædd um helstu trúarbrögð heims. Félagið hefur einnig tekið skýrt fram að eðlilegt sé, vegna menningarsögulegra tengsla, að börn læri meira um kristna trú en önnur trúarbrögð.

Siðmennt gerir því athugasemdir við trúboð í opinberum skólum en fagnar um leið allri hlutlægri fræðslu. Þetta hefur alltaf verið stefna félagsins. Stefnu Siðmenntar í trúfrelismálum má finna á vefslóðinni: www.sidmennt.is/trufrelsi.

Höfundur er varaformaður Siðmenntar.

Hver er vandi landsliðsins?

ÖSSUR P. VALDIMARSSON
SKRIFAR UM KNATTSPYRNU

” Af hverju að velja yfirleitt sömu mennina aftur og aftur sem hafa litla sem enga getu?

Ófarir landsliðs okkar í knattspyrnu að undanförunu hafa ekki farið fram hjá mörgum. Umræðunni langar mig til að koma af stað til að reyna að koma auga á vandann. Hvað finnst landsliðsþjálfurunum? Ég veit að áhuginn á okkar mönnum minnkar þegar liðið stendur sig ekki sem skildi.

Ég vil beina kastljósinu að landsliðsþjálfurunum sjálfum og þætti mér vænt um að heyrja frá þeim hvað þeir ætli að gera til að ná árangri með liðinu.

Hvað ætla þeir að gera til að koma í veg fyrir ógöngur landsliðsins?

Þið fáið ekki marga áhorfendur á landsleiki hér heima ef ófarirnar halda áfram. Hafið þið valið réttan mannskap í hópinn hverju sinni?

Af hverju að velja yfirleitt sömu mennina aftur og aftur sem hafa litla sem enga getu? Leikir vinnast ekki með einum manni (Eiði Smára) heldur liðinu í heild sinni.

Höfundur er bifreiðastjóri.

Frábær tíðindi

UMRÆÐAN
LEIKSKÓLAMÁL



FLOSI EIRÍKSSON

Reykjavíkurborg hefur lýst því yfir að hún stefni að því að gera leiksskólann gjaldfrían í áföngum. Er hér um mikla kjarabót að ræða fyrir íbúa borgarinnar en um leið er undirstrikuð sú jafnaðarhugsjón að aðgangur að leik- og grunnskólum eigi að vera öllum greiður án tillits til efnahags. Raunar hefur Akureyrarkaupstaður einnig kynnt hugmyndir í þessa veru, um gjaldfrían leikskóla að hluta. Þetta er sérstaklega ánægjulegt fyrir okkur jafnaðarmenn hér í Kópavogi, en í sveitarstjórnarkosningunum 1998 settum við fyrst fram slíkar hugmyndir hér í bænum og höfum raunar lagt slíkar hugmyndir til við fjárhagsáætlun á svo til hverju ári síðan. Þær hugmyndir hafa alltaf verið felldar af framsóknar- og sjálfstæðismönnum. Það er því eiginlega ekki nema hlægilegt þegar Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknar hér í bænum, skrifar á heimasíðu sína um framgöngu Reykjavíkur og Akureyrar „Báðar þessar hugmyndir eru mjög góðar og í anda þess sem við framsóknarmenn í Kópavogi höfum verið að tala fyrir.“ Andi framsóknarmanna hefur nú ekki verið sterkari en svo að Ómar hefur alltaf greitt atkvæði gegn öllum hugmyndum og tillögum í þessa veru. Vonandi verður framganga Reykjavíkurlistans og yfirlýst stefna flokksþings Framsóknar um gjaldfrían leiksskóla til að hjálpa framsóknarmönnum í Kópavogi að safna kjarki og þori til að greiða atkvæði eftir sannfæringu sinni og „anda“ og láti af undirlægjuhætti sínum við Sjálfstæðisflokkinn. Það væru góð tíðindi.

Höfundur er bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi.

Stjórnendur beri ábyrgð

MARGRÉT ÁSGEIRSDÓTTIR
SKRIFAR UM RÍKISÚTVARPIÐ

Vegna fréttar Fréttablaðsins af málefnum Ríkisútvarpsins og starfslokasamningi nýráðins fréttastjóra. Er engin takmörk fyrir því hvað dansað er eftir ríkisnátttröllunum? Ef Markús Örn (RÚV) vill borga Auðuni Georgi látið hann þá borga sjálfan. Mistökin voru hans.

Stjórnendur eiga að vera ábyrgir gjörða sinna í viðbót við ábyrgð á fyrirtækinu sem þeir stjórna. Mér ofbýður. ■

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni liðandi stundar.

FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS

Umhverfisvæn upplýsingatækni: ÁVINNINGUR EÐA TÍMASÓUN?

Þér er boðið á ráðstefnu á Grand Hótel þriðjudaginn 12. apríl kl. 13:00.

- Yfirskrift ráðstefnunnar er „Umhverfisvæn upplýsingatækni: Ávinningur eða tímasóun?“
- Innlendir og erlendir sérfræðingar fjalla um þetta áhugaverða efni frá mismunandi sjónarhornum.
- Eftir kl. 16.00 eru léttar veitingar og sýning á vörulínu Fujitsu Siemens, frá lófatölfum upp í netþjóna.
- Kynning á vinnu visthópa Tæknivals en starfsmenn hafa undanfarnar vikur verið að vinna að fjölbreyttum verkefnum í tengslum við umhverfismál.

Þátttökugjald er ekkert en nauðsynlegt er að skrá sig í síma 550 4000

eða með tölvupósti á netfangið sala@taeknival.is

RÁÐSTEFNA Á GRAND HÓTEL

Dagskrá:

Ávarp - Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri Umhverfisráðuneytisins
 Ávarp - Sigrún Guðjónsdóttir, forstjóri Tæknivals
 Hringrás náttúrunnar og sjálfbær þróun - Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar
 Vistvæn innkaup - Finnur Sveinsson, umhverfisráðgjafi
 Svanurinn sem markaðstæki - Sigrún Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun
 The Green PC - Anders Tryka, Partner Manager Fujitsu Siemens Danmörku
 Fujitsu Siemens - An environmental vendor - Lars Wörzner, forstjóri Fujitsu Siemens Danmörku
 Umhverfisstarf Tæknivals - Finnur Sveinsson, umhverfisráðgjafi
 Vistvæn áhersla í vörulínu Tæknivals - Tindur Hafsteinsson, sölustjóri Tæknivals

Vistvæn framtíð með Tæknivali

Fujitsu Siemens tölvur eru einu tölvurnar á Íslandi með viðurkennda umhverfisvottun - Svaninn, sem er umhverfismerki norðurlandanna.



Fujitsu Siemens Scenic E600

Small Form Factor, turnvél eða borðvél
 Intel i865G kubbasett
 Intel Pentium 4 2.8 GHz örgjörvi
 Front Side Bus 800MHz, 1MB L2
 512MB DDR minni (Mest 2GB)
 40GB 7200sn diskur
 16/48 hraða DVD/CD-ROM drif
 Gigabit netkort (10/100/1000)
 Windows XP Professional
 F-Secure virusvörn - frí uppfærsla í 1 ár
 100% umhverfisvæn og endurvinnanleg
 3 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

Verð með VSK: 64.900 kr.

TAKMARKAÐ MAGNI!



Tæknival

SAMSTARFSADILAR:
 Stefna - Akureyri - www.stefna.is / Tölvuþjónusta Vesturlands - Borgarnes - tvest@simnet.is
 Netheimar - Ísafjörður - www.netheimar.com / Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - www.eyjatolvur.com
 Tölvuþjónusta Vals - Keflavík - tvals@mi.is / Tölvu- og tækjabúðin - Ólafsvík
 Martólvan - Höfn í Hornafirði - www.martolvan.is

SKEIFUNNI 17
 SÍMI: 550 4000
 www.taeknival.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.094 +0,72% Fjöldi viðskipta: 391 Velta: 4.094 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
↑ Austurbakki	11,47%	↓ Marel	-0,70%
↑ SÍF	4,38%	↓ Bakkavör	-0,63%
↑ Actavis	4,23%	↓ Jarðboranir	-0,52%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 41,90 +4,23% ... Atorka 6,10 - ... Bakkavör 31,50 -0,63% ... Burðarás 14,45 +0,70% ... FL Group 13,85 - ... Flaga 5,55 - ... Íslandsbanki 12,95 +0,39% ... KB banki 550,00 +0,36% ... Kögun 59,90 - ... Landsbankinn 15,80 +0,64% ... Marel 56,80 -0,70% ... Og fjarskipti 4,07 -0,49% ... Samherji 12,10 - ... Straumur 10,80 +1,41% ... Össur 86,00 +1,18%

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Allt fast í Festingu

Náðu ekki að leysa málið og biða úrskurðar sýslumanns

Sýslumaðurinn í Reykjavík mun úrskurða í dag hvort setja beri lögban á hlutfjárkaufningu í Festingu 22. mars síðastliðinn.

Tveir stjórnarmenn félagsins, sem höfðu minnihluta hlutfjár bak við sig, samþykktu að auka hlutféð og náðu þannig ítökum í félaginu. Tengist það átökum á milli minni- og meirihluta eigenda í Keri, félagsins Gretti og Ólafs Ólafssonar. Ker ræður yfir Oliufélaginu Essó og Samskipum og heldur Festing utan um eignir þeirra félaga.

Fulltrúar meirihluta eigenda í Keri segja þennan gjörning beinlínis ólöglegan. Grettismenn segjast hins vegar hafa verið að verja stöðu sína til þess

að ekki yrði hægt að breyta valdahlutföllum í Keri í gegnum Festingu. Ólafsmenn segja það ekki mögulegt og málið byggist á misskilningi.

Reynt hefur verið að vinda ofan af stöðunni í vikunni og buðu Grettismenn fram lausn á málinu. Skilyrðin sem þar eru sett vill meirihlutinn í Keri ekki sætta sig við. Telja þeir sterkar líkur á því að sýslumaðurinn samþykki lögbaninu. Ef ekki eigi þeir möguleika á að kalla allar eignir í Festingu til baka í móðurfélagin, Essó og Samskip. Það feli þó í sér óhagræði og óþægindi.

- bg

FUNDAR MED FULLTRÚA SÝSLUMANNS
Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Kersmanna, gengur á fund fulltrúa sýslumanns þegar lögmannsbeiðnin var tekin fyrst fyrir.



SIGURÐUR EINARSSON, STJÓRNARFORMAÐUR KB BANKA KB banki gæti þurft að borga meira fyrir Singer & Friedlander en talið var í fyrstu. Yfirtökuverðið gæti farið yfir 350 pens á hlut.

Singer gæti orðið dýrari

Getgátur voru á breskum markaði í gær um að KB banki myndi bjóða meira en 350 pens fyrir hvern hlut í Singer & Friedlander (SF). Independent hefur þetta eftir sínum heimildarmönnum. Miðað við það myndi gengi bankans vera um 25 prósentum hærra en það var áður en kvisaðist út að KB banki hefði hafið viðræður við stjórn SF um mögulega yfirtöku.

Gengi hluta í breska bankanum hefur verið að sveiflast frá 310 pensum til 320 undanfarna daga en endaði í 328 pensum við lokun breska markaðarins í gær.

- epa

Bretar fjölmennastir

Bretar gistu samtals í 10.500 nætur á hótélum landsins í febrúar. Eru gistinætur þeirra flestar samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands. Þar á eftir komu Bandaríkjamenn með rúm fimm þúsund gistinóttu. Samtals voru gistinætur útlendinga á hótélum þennan mánuð um 38 þúsund. Það jafngildir að 1.225 útlendingar gisti allan mánuðinn á hótélum. Gistinætur Íslendinga voru hins vegar sautján þúsund.

Fleiri gistu á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu miðað við sama mánuð í fyrra. Hins vegar drógust viðskipti við hótél saman á Austurlandi, Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum.

- bg

Aukinn innflutningur

Innflutningur jókst um 18% milli ára á fyrstu þremur mánuðum ársins. Fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir því að vöruskiptajöfnuður í mars verði verulega óhagstæður. Sterk króna leiðir til lægra verðs í íslenskum krónum fyrir útflutning að öðru óbreyttu. Vöruinnflutningur í mars var 22 milljarðar og á fyrstu þremur mánuðum ársins nam hann 57 milljörðum króna. Þessar tölur eru byggðar á bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts.

- dh



ÞÆGILEGIR SVEFNSÓFAR FRÁ TETRAT

BRIAN - SVEFNSÓFI
2-3 SÆTA
RÚMSTÆRÐ 195 X 140 CM
ÁÐUR
119.000 KR.
NÚ
95.200 KR.

BILLY - SVEFNSÓFI
TUNGUSÓFI
RÚMSTÆRÐ 205 X 135 CM
ÁÐUR
179.000 KR.
NÚ
143.200 KR.



ÓPIÐ LAUGARDAG 10-16 OG SUNNUDAG 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÚPAVÖGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

Ótrúlegt verð

sem þú finnur ekki annarsstaðar

weather report™

Vatns- og vindhelt
Öndunarefni



W

Vatns- og vindheldur fatnaður frá Weather Report. Sérstakir vefir í efninu draga í sig líkamsraka og halda líkamanum þurrum.



Öndunarefni



weather report™

Regnjakki
svartur, grænn, blár
st. S-XXXL

2.999_{kr}

weather report™

Regnjakki
grænn, svartur, rauður
st. 36-44

2.499_{kr}

weather report™

Regnbuxur
svartar, rauðar
st. 36-44

1.999_{kr}

Öndunarefni



weather report™

Regnbuxur
svartar, grænar, bláar
st. S-XXXL

2.999_{kr}

Öndunarefni



weather report™

Regnjakki
hvítur, svartur
st. 36-44

2.999_{kr}

weather report™

Regnsett
margir litir
st. 120-170

2.999_{kr}

Öndunarefni



weather report™

Regnbuxur
gráar, svartar
st. 36-44

2.999_{kr}

weather report™

Regnsett
margir litir
st. 80-110

2.499_{kr}

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

PÖSTVERSLUN

www.hagkaup.is

grænt númer sími
800 6680 568 2255

HAGKAUPA



Aðal leikur dagsins

Verður aftur vítakeppni?

Fram og ÍBV mætast í Framhúsinu í kvöld í öðrum leik liðanna í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta. Fyrsti leikur liðanna í Vestmannaeyjum á miðvikudaginn var meira en lítið sögulegur því það þurfti tvöfalda vítakeppni til útljá hann.

sport
sport@frettabladid.is

JÓN ARNÓR STEFÁNSSON HJÁ DYNAMO ST. PÉTURSBORG: SPILAR Í STJÖRNULEIK FIBA Á KÝPUR

Mikill heiður að spila þennan leik

Eins og fram kom á dögunum hefur Jón Arnór Stefánsson, leikmaður rússneska liðsins Dynamo St. Petersburg, verið valinn í Evrópuúrval Stjörnuleiks FIBA sem fram fer á Kýpur fimmtudaginn 14. apríl. Byrjunarliðin voru valin með netkosningu á heimasíðu evrópska körfuknattleikssambandsins en ekki hefur verið tilkynnt hvaða leikmenn nældu sér í sæti þar.

„Þetta er náttúrulega gríðarlegur heiður fyrir mig að fá að spila í þessum leik,“ sagði Jón Arnór í samtali við Fréttablaðið. „Ég vil koma á framfæri miklu þakklæti til þeirra sem að kusu mig á Íslandi. Ég verð einn af bakvörðum Evrópuúrvalsins og þetta gæti orðið mjög góð auglýsing fyrir mig sem leikmann. Ég held af stað til Kýpur snemma í næstu viku og er mjög spenntur fyrir þessu.“

Aðspurður hvort einhverjar líkur væru á að kappinn myndi spreyta sig í troðslukeppninni, rak Jón upp hrossahlátur og sagði: „Við sjáum til. Ég væri frekar til í þriggja stiga keppnina.“

Jón þakkaði góðum árangri í Evrópukeppninni að hann

hlaut útnefninguna. „Okkur hefur gengið mjög vel þar og erum taplausir enn sem komið er. Það stýttist í undanúrslitin og við ætlum okkur að vinna titilinn. Ég er líka að spila töluvert meira núna en áður og hef því farið vaxandi með liðinu. Það hlýtur að hafa spilað inn í líka,“ sagði Jón Arnór.



> Ummæli dagsins ...



... „og þeir eru búnir að jafna leikinn, 54-52. Vel gert hjá Snæfelli. Veeel gert.“

Svali Björgvinsson sérfræðingur Sýnar var með allt á kristaltæru í lýsingu sinni á þriðja leik Keflavíkur og Snæfells í gær.

> Við hrósum ...

... Björgvini Páli Gústavssyni sem er gjörsamlega búinn að taka Valsmanninn Baldvin Þorsteinsson á taugum á vitalínunni. Björgvin varði þrjú víti frá Baldvini í fyrsta leiknum og varði síðan eina vítið sem Baldvin „þorði“ að taka gegn honum í gær.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

5 6 7 8 9 10 11

Föstudagur

LEIKIR

- 18.00 Valur og Stjarnan mætast á Stjörnuvelli í A-deild deildarbikars kvenna í fótbolta.
- 19.15 Fram og ÍBV mætast í Framhúsinu í úrslitakeppni DHL-deildar karla í handbolta.
- 20.15 Huginn og Hvöt mætast í Boganum í 4. riðli B-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 21.00 Fjölnir og Keflavík mætast í Egilshöllinni í B-deild deildarbikars kvenna í fótbolta.

SJÓNVARP

- 07.00 Olíssport á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 07.30 Olíssport á Sýn. Endurtekinn þáttur.

- 08.00 Olíssport á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 08.30 Olíssport á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 14.15 Bandaríska Masters-mótið í golfi á Sýn. Sýnt frá fyrsta keppnisdegi bandaríska Masters-mótsins í golfi.
- 17.15 Olíssport á Sýn. Endurtekinn þáttur.
- 18.00 Upphitun á Skjá einum. Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- 18.30 Meistaradeildin í fótbolta á Sýn. Fréttablaðið um meistaradeildina í fótbolta.
- 19.00 World Supercross á Sýn. Sýnt frá keppni á Texas-leikvanginum.
- 20.00 Bandaríska Masters-mótið í golfi á Sýn. Bein útsending frá öðrum keppnisdegi bandaríska Masters-mótsins í golfi.
- 23.45 World Series of Poker á Sýn.

Ólöf María á fjórum höggum yfir pari

Ólöf María Jónsdóttir, kylfingur úr Golfklúbbnum Keili, lék sinn fyrsta hring á Tenerife-mótinu á Spáni á Evrópumótaröð kvenna í golfi í gær á fjórum höggum yfir pari og er í 89-102. sæti.

GOLF Ólöf María Jónsdóttir braut í gær blað í sögu kvennagolfsins á Íslandi þegar hún lék fyrsta hringinn á Tenerife-mótinu á evrópsku kvennamótaröðinni og varð þar með fyrsti íslenski kylfingurinn til að gera slíkt.

Ólöf María lék holurnar átján á 76 höggum eða fjórum höggum yfir pari og er í 89-102. sæti eftir fyrsta daginn.

Ólöf María lék fjórar holur á fugli, einum undir pari en það sem gerði henni erfitt fyrir voru átunda og sextánda hola en þær lék hún á tveimur höggum yfir pari.

Fréttablaðið náði ekki tali af Ólöfu Maríu þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir en í samtali við Víkurfréttir í gær sagði hún að það væri enginn dauðadómur að vera á 76 höggum en hlutirnir hefðu ekki fallið með henni.

„Boltinn fór ekki eins og ég ætlaðist til, sérstaklega með járnunum á braut. Ég átti í hinu mesta basli með að hitta flatirnar og það var minn helsti veikleiki í dag. Ég var að vippra vel og eins voru púttin í lagi. Ég sá marga góða hluti í spilamennskunni sem ég hef verið að vinna í undanfarið, en aðrir hlutir sem áttu að vera í lagi voru ekki að virka“ sagði Ólöf sem hefur sett markmiðið á að komast í gegnum niðurskurðinn í dag.

„Auðvitað er þetta smá spenna í manni, en ég verð vonandi komin yfir hana á morgun og þá ætla ég að gera betur. Það er ljóst að ég þarf að bæta mig um nokkur högg til að komast í gegnum niðurskurðinn,“ sagði Ólöf María í samtali við Víkurfréttir.



ÓLÖF MARÍA JÓNSDÓTTIR Lékk fyrsta hringinn á Tenerife á fjórum höggum yfir pari og er í 89-102. sæti á Tenerife-mótinu á evrópsku kvennamótaröðinni í golfi.

Katie Bakken frá Bandaríkjunum er með forystu eftir fyrsta daginn en hún lék á 66 höggum

eða sex höggum undir pari. Tveimur höggum minna en næstu stúlkur. ■

GOTT FOLK MCCANN



– besta sætið

US MASTERS

ALLIR 4 DAGARNIR Í

BEINNI

515 6100 | syn.is | Skifan | Og Vodafone



Nýr samningur á borðinu fyrir Jose Mourinho:

Gæti fengið árslaun upp á 5,9 milljarða

FÓTBOLTI Jose Mourinho verður að öllum líkindum hæst launaði knattspyrnustjóri heims á næstunni en Roman Abramovich, hinn rússneski eigandi Chelsea, hyggst bjóða kappanum 5,2 milljónir í árslaun eða 5,9 milljarða íslenskra króna.

Verði þetta að veruleika mun Mourinho fara fram úr sjálfum Sven Göran Eriksson, þjálfara enska landsliðsins sem er með 5 milljónir sléttar í árslaun.

Mourinho er samningsbundinn Chelsea til ársins 2007 en hann kom frá Porto á síðasta ári. Sem stendur er stjórinn skapmikli með 4,5 milljónir punda á ári en

Abramovich hefur heitið honum hækkun upp á 700 þúsund pund ef hann samþykkir að vera eitt ár til viðbótar.

Þessi mál hafa enn ekki verið rædd milli Mourinho og Abramovich en sá fyrrnefndi var afar ósáttur við Chelsea þegar liðið samþykkti dóm evrópska knattspyrnusambandsins þegar það dæmdi hann í tveggja leikja bann vegna ummæla um sænska dómarrann Anders Frisk.

Nú hefur reyndar komið upp úr krafnsinu að skýrsla sem Knattspyrnusamband Evrópu hefur undir höndum sannar að Mourinho hafði rétt fyrir sér. ■



JOSE MOURINHO, KNATTSPYRNUSTJÓRI CHELSEA Gæti orðið launahæsti knattspyrnustjóri heims ef hann tekur nýju tilboði Chelsea.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Intersportdeildin – úrslit

KEFLAVÍK-SNÆFELL 86–83
Stig Keflavíkur: Anthony Glover 30 (10 fráköst), Nick Bradford 25 (16 fráköst), Sverrir Þór Sverrisson 13 (4 stoðsendingar), Jón Norðdal Hafsteinnsson 8, Arnar Freyr Jónsson 4, Davíð Þór Jónsson 2.
Stig Snæfells: Hlynur Bæringsson 18 (12 fráköst, hitti úr 6 af 7 skotum), Calvin Clemmons 16 (13 fráköst, 5 stoðsendingar), Sigurður Þorvaldsson 15 (8 fráköst), Mike Ames 13, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 10, Helgi Reynir Guðmundsson 7, Magni Hafsteinnsson 4.

Staðan er 2–1 fyrir Keflavík og næsti leikur fer fram í Stykkishólmi á laugardaginn.

DHL-deild karla

HK-VALUR 34–28
Mörk HK (skot): Augustas Strazdas 10 (10), Ólafur Víðir Ólafsson 7 (9), Valdimar Þórsson 5/2 (11/2), Elias Már Halldórsson 4 (8), Tomas Eitutus 2 (4), Alexander Arnarsson 2 (4), Jón Heiðar Gunnarsson 2 (3), Karl Grönvold 1 (1).
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 20/2.
Mörk Vals (skot): Sigurður Eggertsson 7 (10), Heimir Örn Arnason 6 (14), Vilhjálmur Ingi Halldórsson 4/1 (12/2), Brendan Þorvaldsson 3 (5), Baldvin Þorsteinsson 3 (6/1), Ásbjörn Stefánsson 1 (1), Hjalti Pálmason 1 (3), Þórir Sigmundsson 1 (1).
Varin skot: Pálmar Pétursson 13.

Staðan er 1–1 og oddaleikurinn fer fram á Hlíðarenda á laugardaginn.

KA-ÍR 30–35
Mörk KA: Halldór Sigfússon 10/6, Þorvaldur Þorvaldsson 4, Andri Snær Stefánsson 4, Höður F. Sigþórsson 3, Magnús Stefánsson 2, Nicola Janković 2, Jónatan Þór Magnússon 2, Bjartur Máni Sigurðsson 1, Ragnar Snær Njálsson 1, Guðmundur Traustason 1.
Varin skot: Halþór Einarsson 12, Stefán Guðnason 4/1.
Mörk ÍR: Hannes Jón Jónsson 9/6, Ingimundur Ingimundarson 6/2, Tryggvi Haraldsson 6, Ragnar Helgason 4, Fannar Örn Þorbjarnarson 4, Bjarni Fritzson 3, Ólafur Sigurjónsson 2, Ísleifur Sigurðsson 1.
Varin skot: Hreiðar Guðmundsson 17, Ólafur Gíslason 6.
ÍR vann einvígið 2–0.

FH-HAUKAR 30–34
Mörk FH: Hjörtur Hinriksson 9, Guðmundur Pedersen 9/2, Brynjar Geirsson 4, Hjörleifur Þórðarson 2, Arnar Pétursson 2, Valur Arnarson 2, Magnús Sigmundsson 1, Bjarni Gunnarsson 1.
Varin skot: Magnús Sigmundsson 20
Mörk Hauka: Vignir Svavarsson 9, Ásgeir Örn Hallgrímsson 5, Gísli Jón Þórisson 4, Þórir Ólafsson 4, Jón Karl Björnsson 4/2, Gunnar Ingi Jóhannsson 4, Halldór Ingólfsson 2, Stefan 2.
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 29/1, Jónas Stefánsson 1

Haukar unnu einvígið 2–0.

HK tryggði sér oddaleik gegn Val

HK og Valur þurfa að mætast í oddaleik á Hlíðarenda í átta liða úrslitum DHL-deildar karla. HK vann öruggan sigur í gær. ÍR og Haukar tryggðu sér farmiða í undanúrslitin í gær.

HANDBOLTI Íslandsmeistarar Hauka og bikarmeistarar ÍR eru komin í undanúrslit DHL-deildar karla. Haukar unnu granna sína í FH, 30–34, eftir framlengdan leik en ÍR vann öruggan sigur á KA á Akureyri, 30–35. HK og Valur þurfa aftur á móti að leika oddaleik í sinni rimmu þar sem HK jafnaði metin í Digranesi í gær með góðum sigri, 34–28.

Fyrri hálfleikur í Digranesi í gær var mjög jafn og HK fór til búningsherbergja með eins stigs forystu, 15–14. Rétt eins og í fyrsta leiknum mættu Kópavogsbúar mikið mun grimmari til síðari hálfleiksins og þeir voru fljótir að byggja upp þægilega forystu. Á sama tíma hrundi leikur Valsmanna eins og spilaborg og það var oft á tíðum pinlegt að fylgjast með sóknartilþrifum Hlíðarendapilta.

Þeir náðu aldrei að klóra í forskot HK-manna sem fögnuðu öruggum sigri. Augustas Strazdas átti stórleik hjá HK og skoraði úr öllum þeim tíu skotum sem hann tók í leiknum. Björgvin Páll var einnig góður í markinu en hann var gjörsamlega búinn að sigra sálfræðistríðið við Baldvin Þorsteinsson sem var vart skugginn af sjálfum sér í gær. Ólafur Víðir átti fina spretti.

Sigurður Eggertsson var eini leikmaður Vals sem gerði eitthvað af viti í gær en lykilmenn á borð

við Baldvin og Heimir Örn voru úti að aka og ekki var Vilhjálmur Ingi mikið skárrí. Heimir hefur vart verið með í fyrstu tveim leikjunum en Valur þarf að fá hann í gang ætli þeir sér að komast í undanúrslit.

ÍR og Haukar í undanúrslit

ÍR-ingar er komnir áfram í undanúrslit eftir glæsilegan sigur á KA á Akureyri, ÍR-liðið mætti einbeitt til leiks og skoraði átta fyrstu mörkin og eftir það var aldrei spurning um að KA-menn væru á leiðinni í sumarfrí.

„Ég held að ég hafi aldrei tekið þátt í handboltaleik þar sem eins mikill munur var á milli liðanna á upphafsminútum. Við vorum alveg búnir á því og þegar við lendum átta mörkum undir þá erum bara engin orka eftir og var þetta orðið skrautlegt. Það þurfi alveg heilan hálfleik og ræðu frá þjálfaranum svo að við værum að spila sem menn. Við létum dómara fara enn enn einu sinni í taugarnar á okkur. Við vitum hvernig þeir dæma og þeir dæma þeir alltaf svona. Við erum alltaf mikið út af þegar þeir dæma. Þeim er illa við okkur og sést það best á svipnum á Gísla“ sagði Jónatan Þór Magnússon, fyrirlíði KA eftir leikinn.

Við komum gríðarlega einbeittir og ætluðum að sýna okkur hvað við getum. Sterk vörn og hraða-



100% SKOTNÝTING Augustas Strazdas átti stórleik fyrir HK í gær og skoraði 10 mörk í 10 skotum. HK tryggði sér oddaleik á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

upphlaup og gerðum þetta vel sem lið. Það er gríðarleg stemning í hópnum en það hafa verið meiðsli og er því gott að klára þetta 2-0. Við ætlum okkur að vinna titillinn,“ sagði Bjarni Fritzson í leikslök.

Haukar tryggðu sér farseðilinn í undanúrslit Íslandsmótsins í handknattleik með því að sigra FH-inga öðru sinni í þessari viku,

nú í Kaplakrika. Að þessu sinni var leikurinn frábær skemmtun og var jafnt að loknum venjulegum leiktíma, 27-27. Voru FH-ingar nokkrir klaufar að tryggja sér ekki sigurinn í blálokinn. Í framlengingunni tóku Haukarnir svo öll völd og sigruðu með 34 mörkum gegn 30.

- HBG, JJ, SMS

Keflavík vann Snæfell 86–83 í þriðja úrslitaleiknum í æsipennu í Keflavík í gær: Keflavík einum sigri frá meistaratitlinum



16 STIG Í 4. LEIKHLUTA Anthony Glover skoraði 16 af 23 stigum Keflavíkur í lokaleikhlutunum og hér eru tvö þeirra að verða staðreynd.

KÖRFUBOLTI Keflavík vann Snæfell, 86-83, í háspennuleik í lokauúrslitum Intersportdeildarinnar í körfuknattleik í gærkvöldi. Keflavíkingar þurfa því aðeins einn sigur til viðbótar til að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn þriðja árið í röð. Lokamínútur leiksins voru æsispennandi en gestirnir frá Stykkishólmi fóru illa að ráði sínu á lokakaflanum og réðu að auki illa við Anthony Glover sem fór hamförum undir það síðasta. Næsti leikur fer fram í Stykkishólmi á laugardaginn kemur.

„Þetta var hörkuleikur hjá tveimur frábærum liðum og við

náum að landa sigri hér á okkar heimavelli og erum mjög ánægðir með það. Það var mikil barátta en okkur finnst að við getum spilað betur og eigum ýmislegt inni sem við ætlum að taka með okkur í Stykkishólmi á laugardaginn. Við stefnum að því að klára dæmið þar,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur.

Bárður Eyþórsson, þjálfari Snæfells, var ósáttur eftir leikinn. „Við verðum bara að vinna á laugardaginn og taka síðan titilinn hér í Keflavík. Við sýndum það hér í kvöld að við eigum alveg að geta tekið þá herna. Þetta

var mjög knapt hér í restina og við vorum mjög óheppnir að í restina. Við mætum ákveðnir til leiks á okkar heimavelli á laugardaginn og þá heldur baráttan áfram,“ sagði Bárður.

Hlynur Bæringsson, fyrirlíði Snæfells, fullyrti að hart yrði barist í Stykkishólmi á laugardaginn. „Þetta var glæsilegur lokakafl hjá Sigga en við náðum bara ekki að fylgja honum eftir. Næsti leikur verður bara stríð og við förum alla leið. Það sögðu margir að við hefðum geta stolið sigurinum en þeir eiga ekki neitt,“ sagði Hlynur.

Passat

– nýtt orð yfir lúxus

Frumskýning 9. apríl



Kodak EasyShare CX7330

- 3,1 milljón pixla
- 3x optískur og 3,3 x stafrænn aðdráttur
- Kodak linsa
- 1,6" skjár
- Video með hljóði
- Auðveld í notkun

• Verð: **14.900 kr**



2.980 kr.
á mánuði*

TILBOÐ

Myndavél og prentstöð
Verð aðeins **24.900 kr**



4.980 kr.
á mánuði*

Kodak CX 7330 og prenttengistöð saman í pakka

- Prentar út myndir í 10x15 stærð
- Hleður rafhlöðuna í myndavélinni
- Hægt að prenta út án þess að tengja við tölvu

• Verð: **24.900 kr**

256 mb minnskort
fæst á aðeins **1.990 kr**
með þessum myndavélum

Kodak EasyShare LS743

- 4 milljón pixla
- 2,8x optískur og 3,6x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- 1,8" skjár
- Video með hljóði
- Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki
- Lítil og nett

• Verð: **29.900 kr**



5.980 kr.
á mánuði*

SAMSUNG Digimax A-400

- 4.0 milljón pixlar
- 2,8x optískur og 4x stafrænn aðdráttur
- 2" gæða skjár
- Video með hljóði eins og kort leyfir
- 16MB innra minni
- PictBridge
- AA hleðsluett fylgir

• Verð: **19.950 kr**



3.990 kr.
á mánuði*

www.hanspetersen.is

HANS PETERSEN



* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða

STUÐ MILLI STRÍÐA Frá, frá, Fúsa liggur á

SÍGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR HEFUR EKKI GAMAN AÐ ÖKUNINGUM

MYND: HELGI SIGURSSON

Var á leið vestur Hringbraut á dögnum. Svosem ekki í frásögur færandi. Þá skyndilega svínaði fyrir mig ökumaður sem var greinilega mik-
ið að flýta sér, því ég sá hann skömmu síðar skipta aftur um akrein. Sem betur fer er ég varkár ökumaður og af þessu hlaust ekki árekstur – en mér dauðbrá auðvitað.

Hugsaði með mér að kannski væri það því að kenna að ég á mínum smábíl væri ósýnileg.

Allir á jeppum og engin von til þess að nokkur sjái smábílaeiganda. Keypti mér því jeppa. En viti menn, sem ég var að aka norður Kringlumýrarbraut fáeinum dögum síðar þá lenti ég í nákvæmlega því sama, svínslegur sveiflari ók næstum því á mig. Þarna skall hurð virkilega nærri hælum, mikil umferð á götunum og ef ég hefði verið á meiri ferð hefði ég verið í virkilega slæmum málum. Að sjálfsgöðu hélt maðurinn uppteknum hætti, ég fylgdist með honum halda sínu svigi áfram.

Þetta er alveg stórfurðulegt athæfi að mínu mati. Það er vitað mál að ekki vinnst mikill tími á svona sveiflum, – viðkomandi er

sennilega kominn sirka 48 sekúndum fyrr á áfangastað en ella. Hættan sem óvarkárir ökumenn á hraðferð skapa er hins vegar ógurleg. Margra bíla árekstrar eru ekkert gamanmál og því síður áverkarnir sem fólk situr uppi með eftir að hafa lent í slíkum árekstri. Sem ég hef ekki gert, guði sé lof.

Það eina sem mér virðist hægt að gera í málinu er að aka með mikilli gát, – aldrei að vita nema náunginn á akreininni við hlið með eftir að hafa lent í slíkum á tíma í ljósum eftir fimm mínútur, hann langi skyndilega í súkkulaðisnúð eða hann verði gripinn leiða á því að aka á löglegum hraða. ■

myndasögur**PONDUS**

Eftir Frode Överli


Það er verið að auglýsa laust starf á Anfield. Einhvern til þess að þússa silfurmunina sem Liverpool hefur unnið og eru geymdir í bikarskápnum. Það er þó tekið fram að það eru ekki margir nýlegir munir sem þurfi að þússa.

**GELGJAN**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

**PÚ OG PA**

Eftir SÖB

**KJÖLTURAKKAR**

Eftir Patrick McDonnell

**BARNALÁN**

Eftir Kirkman/Scott



Útgáfudjamm í Stúdentakjallaranum

Twisted Minds Crew heldur útgáfudjamm í Stúdentakjallaranum í kvöld til þess að fagna útgáfu á mixtape-inu Garbage Music. „Þetta eru lög frá okkur í TMC frá árunum 2001-2005 og allt lög í svona oldschool New York fíling. Auk þess er Mystic One, sem er einn af okkur í TMC, líka að gefa út sólóplötu sem heitir Mystic One Distribution of Wealth og við erum að fagna því í kvöld líka,“ segir Pan Thorarensen eða Beatmak-in Troopa eins og hann kallar sig en auk þeirra er rapparinn Mc Rain líka í Twisted Minds Crew.

„Við í TMC byrjuðum árið 1997 sem graffiti-grúppa en

fórum svo út í að gera tónlist líka og höfum gefið út mörg mixtape í gegnum tíðina. Mystic og Rain voru í hljómsveit sem hét Team Thirteen sem var ein fyrsta hljómsveitin sem spilaði íslenskt hiphop. Þetta var á sama tíma og Subterranean var að byrja,“ segir Pan.

„Kvöldið í kvöld verður gott underground hiphop djamm eins og þau gerast best, því auk okkar koma fram Original Melody, LKO, Big G, Cell 7 og Dj B-Ruff.“ Tónleikarnir standa frá tíu til þrjú og aðgangseyrir er aðeins 500 krónur. Innifalið í honum er mixtape-ið Garbage Music, svo lengi sem birgðir endast. ■



TWISTED MINDS CREW Strákarnir í TMC halda útgáfutónleika í Stúdentakjallaranum í kvöld til þess að fagna útgáfu á mixtape-i sínu, Garbage Music.


Við bjóðum til fermingarveislu

OFUR
TILBOÐ


Stórvirki á gjafverði




Tilboð
4.980 kr.
15.000 kr.
afsláttur



Tilboð
4.900 kr.
12.000 kr.
afsláttur



Tilboð
6.990 kr.
8.000 kr.
afsláttur



Tilboð
7.980 kr.
7.000 kr.
afsláttur

Íslendingasögur I-III



Tilboð
2.980 kr.
4.000 kr.
afsláttur



Tilboð
7.980 kr.
9.000 kr.
afsláttur

Heimskringla I-III



Eymundsson
-svör við öllu



Pöntunarsími: 511 1130

Fínir bílar

100% lán
4,5% vextir

BMW 520i
Nýskr. 03.2004 2000cc,
4 dyra, sjsk., ekinn 4 þ.



→ 5.190 þ.

BMW X3 3.0i
Nýskr. 06.2004 3000cc,
4 dyra, sjsk., ekinn 13 þ.



→ 5.850 þ.

Hyundai Santa FE
Nýskr. 10.2001 2700cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 96 þ.



→ 1.880 þ.

Land Rover Range Rover
Nýskr. 12.2000 4600cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 49 þ.



→ 3.890 þ.

RENAULT SCENIC
Nýskr. 03.2003 1600cc,
5 dyra, bsk., ekinn 40 þ.



→ 1.580 þ.

RENAULT MEGANE II
Nýskr. 06.2003 2000cc,
3 dyra, bsk., ekinn 28 þ.



→ 1.850 þ.

bíla
land
notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opi mán-fös 10-18
og lau 12-16

575 1230

„What if I'm wrong? I've got a condition. I get confused sometimes. What if I've imagined all this? What if I've finally turned into what they've always said I would turn into? A maniac. A psycho killer.“

- Mickey Rourke fer hamföllum í hlutverki Marv's í Sin City en djöfulgangurinn í honum er slíkur að hann efast eðlilega um geðheilsu sína á köflum.

bíó

bio@frettabladid.is

Þriggja vikna skyldugláp

Iceland International Film Festival 2005, ein glæsilegasta kvikmyndahátíð sem haldin hefur verið á Íslandi, hófst í gær með sýningu myndarinnar Motorcycle Diaries. Þetta er eka vegamynd sem greinir frá mótörhólaferðalagi sem Ernesto Guevara fór um Suður-Afríku 23 ára gamall, löngu áður en hann varð byltingaríkonid „Che“ og hægrí hömd Fidels Castro. Myndirnar á hátíðinni koma frá öllum heimshornum og eru hver annari áhugaverðari en þar sem þær eru tæplega 70 talsins verður það varla vinnandi vegur fyrir venjulegt fólk að komast yfir að sjá öll ósköpin. Brasilumaðurinn Walter Salles er leikstjóri Motorcycle Diaries. Hann er einn heitasti leikstjórinn í dag og það væri óðs manns æði að missa af þessari mynd hans. Sama má segja um nýjstu mynd snillingsins og sænska kvikmyndaskáldsins Lukas Moodysson, Ett Hál í mitt hjarta, en þessi fyrmasterka og áhrifaríka mynd er ein

ruddalegasta samfélagsádeila sem hefur verið filmuð. Myndin er opinská, hrá og ljót og hlífir áhorfendum í engu en þeir sem leggja á sig að horfa á hana uppskera ríkulega þar sem myndin ristir djúpt og skilur mikið eftir sig. Þetta er mynd sem fylgir manni eftir löngu eftir að sýningu lýkur. Þá hafa margir beðið nýjstu myndar Pedro Almódovars, La Mala Education, með mikill effirvæntingu en hún kemur nú loksins í bíó á Íslandi. Hotel Rwanda er einnig í meira lagi athyglisverð sem og Downfall, sem fjallar um síðustu daga Hitlers og The Woodsman, þar sem Kevin Bacon leikur barnaniðing með miklum tilþrifum. Hér hefur aðeins verið tæpt á broti af því sem enginn kvikmyndaunnandi með snefil af sjálfsviðingu má missa af en listinn heldur áfram út í hið óendanlega með til dæmis myndum á borð við Bomb the System, Darkness, Omagh og What the Bleep Do We Know?



EKKI MISSA AF...

... Geoffrey Rush sýna stórleik í hlutverki Peters Sellers í myndinni *The Life And Death of Peter Sellers*. Rush hreinlega breytist í Sellers á köflum og bregður sér einnig í hlutverk Sellers í þekktustu hlutverkum sínum og það má til dæmis vart milli sjá hvor er betri Dr. Strangelove Sellers eða Rush. Annar eins stórleikur hefur ekki sést í háa herrans tíð. Þá stelur Charlize Theron senunni með sænskum hreim í hlutverki **Britt Ekland** og er öllu snoppufriðari en hún var í *Monster*.

HELOSAN RAKAKREM fyrir alla fjölskylduna



Mýkjandi og rakagefandi

Á KASSANUM Með Illuga Jökulssyni alla virka daga kl. 13.

Talstöðin FM 90,9

Ádeila sprottin af hatri

Sænski leikstjórinn Lukas Moodysson er án efa einn athyglisverðasti kvikmyndaleikstjóri samtímans. Nýjasta myndin hans, *Ett Hál í mitt hjarta*, hefur vakið milar deilur enda er hún óvenju gróf og opinská. Leikstjórinn segist hafa ráðist í gerð hennar fullur af hatri og hann hlífir ekki áhorfendum Myndin verður frumsýnd á IFFF 2005 kvikmyndahátíðinni í kvöld að viðstöddum einum aðal-leikara hennar Björn Almroth sem svarar spurningum áhorfenda að sýningu lokinni.

Rapparin Erpur Eyvindarson ræddi við leikstjórann eftir að hafa skoðað myndina og komst að því af eigin raun að Moodysson er kynlegur kvistur sem fer sínar eigin leiðir og svarar stundum út í hött.

Hverjar eru þínar stærstu hetjur í kvikmyndabransanum og list-um almennit?

„Marilyn Manson, Friends (sjónvarpsþættirnir) og Heiner Müller.“

Hvaða persónur hafa haft mest áhrif á þig?

„The Cure.“

Hvað getur þú sagt mér um íslenskar bíómyndir?

„Næstum því ekki neitt.“

En hvað getur þú sagt mér um þær bíómyndir sem hafa komið út



BJORN ALMROTH Verður viðstaddur frumsýninguna og ræðir við gesti.

á síðustu árum?

„Tarnation eftir Jonathan Caouette.“

Gerðir þú þér nokkurn tíma í hugarlund að myndir þínar myndu fá alla þá athygli sem þær hafa fengið síðan þú sendir *Fucking Amal* frá þér?

„Nei.“

En hvaða máli skipta þessar vinsældir þig?

Því miður skipta þær mig miklu máli. Ég vildi að þær gerðu það ekki en þær gera það.

Á hvaða hátt hefur velgengnin breytt venjulegum vinnudegi þínum?

„Ég kærir mig ekki um að greina sjálfan mig en stundum óttast ég að ég sé of upptekinn af því hvað öðru fólki finnst um mig.“

Myndirnar þínar eru mjög félagslegar og raunsæjar. Stundum sýnir þú hluti að því er virðist til að hreyfa við fólki og kalla á breytingar. Lilja 4-ever er gott dæmi um þetta. Gerir þú þetta meðvitad?

„Hvað Lilja 4-ever varðar er svarið já en sú mynd er undantekning.“

Mér fannst Tillsammans alveg jafn falleg og mér fannst Lilja 4-ever hrikaleg. Í Tillsammans sýndir þú okkur alvöru fólki í umhverfi sem mörg okkar ólust upp í. Sumir segja að þú hafir verið að gagnrýna harðlega tvöfalt síðgæði og hræsni heillar kynslóðar. Hvað varst þú í raun og veru að gera?

„Að gagnrýna og hrósa á sama tíma.“

Ég hef lesið viðtal við þig þar

sem þú ert spurður um þau miklu áhrif sem Lilja 4-ever hafði á stefnu margra Evrópulanda í aðgerðum gegn mansali og skiluhósti í endurbótum á kerfinu. Þar svaraðir þú með því að segjast ekki gera myndir til að bæta kerfið, heldur rísta því. Þessi orð eru með þeim fallettri sem ég hef séð svo ég vona að ég fari rétt með en gætir þú útskýrt fyrir mér hvað þú meinar með þessu?

„Það á ekki að þurfa að útskýra fallega hluti.“

Hvað fær þig til þess finnst þú hafa gert góða bíómynd?

„Mér þykir það leitt en ég á engin svör. Ég er of þreyttur, of heimskur. Heillinn í mér er ekki starfandi.“

Er það ekki rétt að bíóbransinn er mesti typpatotts-bissniss í heimi með tilliti til þess að þú þarft að vita nákvæmlega undir hvað þú þarft að beygja þig?

„Jú, en ég beygi mig ekki. Þegar kemur að því að ég þurfi að gera það mun ég hætta að búa til bíómyndir.“

Varstu pönkari þegar þú varst yngri?

„Þegar ég var krakki var ég mjög lítill og feiminn pönkari.“

Er nýja myndin þín pönk?

„Já.“

Ett Hál í mitt hjarta virðist vera gerð eins og einhvers konar dogma mynd, er það rétt? Gerðu svo vel að útskýra hvernig hún var gerð.

„Ekkert dogma. Hún var unnin mjög hratt, af miklum ákafa, mjög lítill. Við vorum aðeins níu í það heila að leikurum meðtöldum. Það var mikið um spuna, stundum yfirgef ég herbergið og lét leikarana gera það sem þeir vildu. Ég fór út á meðan og fékk mér pizzu.“

Lilja 4-ever rak ákveðnum iðnaði rækilegt kjaftshögg. Fólk hefur sagt að Ett Hál í mitt hjarta sé áráð á klámiðnaðinn?

„Ég er bæði að ráðast á og verja, svolitíð eins og í Tillsammans, en ég held ekki að þessi mynd sé um klámiðnaðinn. Hún er um eitthvað allt annað en ég veit ekki hvað.“

Aðrir hafa bent á að myndin sé einungis áráð á þrjá útúrdópaða bjána sem glíma við alvarleg persónuleg vandamál, fólk sem á engan hátt getur talist fulltrúar klámbransans?

„Ég elska persónur myndarinnar. Þau eru engin fífl. Þetta eru yndislegar manneskjur. Þau standa engan veginn fyrir klámiðnaðinn sem heild en það er staðreynd að mikið af samtölunum í myndinni og því sem gerist í henni eiga sér stóðir í raunveruleikanum. Sum atriðin voru nánast orð fyrir orð byggð á viðtölum sem við tókum við bandarískar og sænskar klámstjórur.“

Hvaða tilfinning dreif þig áfram við gerð myndarinnar?

„Tilfinningin var hatur en það breyttist í ást. Þetta er mynd um ást. Ég hef því miður ekki betri svör í dag.“

LUKAS MOODYSSON „Tilfinningin var hatur en það breyttist í ást. Þetta er mynd um ást.“

VERTU UPPLÝSTUR

SKAPRIKI SKÓLAMEISTARINN NERNYND AF ÓLÍNU PORVARÐARÐÓTTUR

MANNLÍF

APRÍL 2005 4. 90. 22. 492. 899 kr. m.ark.

RÁÐSETTUR Í UPPREISN

Mikael Tafarson, ritstjóri DV, ræðir um orðveldisástandið og hatur sinn

ROKKKÓNGUR Á TÍMAMÓTUM

SVILKONAN GAF BARNLAUSUM

Nærmynd af Ólínu Porvarðar-dóttur

Ritstjóri DV og lífláts-hótanirnar

MANNLÍF BÍLAR

Sérblað um bíla fylgir með



Góður félagsskapur og barátta góðs og ills

Hvernig bregstu við þegar yfirmaður þinn er tæplega helmingi yngri en þú og ekki nóg með það, hann er orðinn ástfanginn af dóttur þinni?

Þetta eru þau vandamál sem Dennis Quaid fæst við í myndinni In Good Company sem frumsýnd er í dag. Quaid leikur auglýsingasöluannann Dan Foreman hjá íþróttablaðinu Sports America. Honum gengur allt í haginn þar til hann fær yfir sig nýjan stjórnanda sem er helmingi yngri en hann sjálfur.

Carter Duryea er metnaðargjarn ungur maður á uppleið og hyggur á ýmsar breytingar. Til að bæta gráu ofan á svart verður hann yfir sig hrifinn af dóttur Foremans. Foreman er síður

en svo hress með það en gæti misst starfið ef hann heldur Dureya ekki góðum.

Sýningar eru einnig hafnar á hrollnum Boogeyman sem er sígild frásögn af baráttu góðs og ills, þar sem mörk veruleika og ímyndunar eru ekki fullljós.

Hér segir frá Tim sem er þjakaður af fortíðinni og hvarfi föður síns. Þegar hann var lítill sagði faðir hans honum sögur áður en hann fór að sofa en þær voru á mörkum þess að vera hryllingssögur. Þeir gengu þó alltaf í skugga um að herbergið væri öruggt. Kvöld eitt fer eitthvað úrskæðis og faðir Tims er sogaður inn í skáp af illum öflum.

Árin líða og Tim er enn hald-

inn ofsahræðslu við skápa og rúmið liggur þétt við gólfið. Hann hefur þó komið sér vel fyrir, er í góðri vinnu og á yndislega kærustu. Þegar þau fara síðan í þakkargjörðarveislu hjá tengdaforeldrum Tim fær hann martröð um móður sína. Hann fær síðan að vita daginn eftir að hún hafi látist um nóttina. Þetta neyðir Tim til þess að snúa aftur heim og fást við hin illu öfl. ■



DENNIS QUIAD OG SCARLETT JOHANNSSON Leika feðgin sem lenda í árekstrum þegar dóttirin fellur fyrir nýjum yfirmanni pabba gamla.



SVAMPUR SVEINSSON Kvíkmynd um vinsælasta svamp heims kemur í Sambíónum í dag.

Svampur Sveinsson í bíó

Sýningar á kvíkmyndinni um Spongebob Squarepants, eða Svamp Sveinsson eins og hann heitir á íslensku, hefjast í Sambíónum í dag. Sigurður Sveinsson talar fyrir Svamp og Jakob Þór Einarsson er ein aðalraddanna auk þess sem hann er leikstjóri. Í ensku útgáfunni er það Tom Kenny sem talar fyrir Spongebob en einnig má þar heyra raddir leikaranna Alec Baldwins, Scarlett Johanson auk þess sem David Hasselhoff leikur sjálfan sig.

Tónlistin í myndinni er afar framúrstefnuleg og má þar nefna hljómsveitir eins og The Shins, Wilco og The Flaming Lips sem allar sömdu lag fyrir myndina. Jeff Tweedy í hljómsveitinni Wilco segist hafa orðið ástfanginn af Spongebob og ekki hafa getað neitað boðinu um að semja lag fyrir myndina. „Afhverju hefði ég ekki átt að gera það? Það hefur gert mig að svalasta pabbanum í allri götunni!“ ■

FRUMSÝNDAR UM HELGINA

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



In Good Company
Internet Movie Database 7,1/10
Rottentomatoes.com 82% = Fersk
Metacritic.com 66/100



Spongebob Squarepants
Internet Movie Database – 6,4/10
Rottentomatoes.com – 69% = Fersk
Metacritic.com – 66/100




Boogeyman
Internet Movie Database 4,3/10
Rottentomatoes.com 11% = Rotin
Metacritic.com 32/100

TILBOÐ VIKUNNAR

Nýjar og vinsælar geislaflötur og DVD diskar á frábæru tilboði í verslunum Skífunnar.



